

26. nóvember 2003

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/336
komudagur 27.11.2003

**Umsögn til Allsherjarnefndar frá Bríet, félagi ungra feminista.
Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum,
nr. 19/1940, með síðari breytingum.
Þingskjal 38 – 38. mál.**

Það á að standa svart á hvítu fyrir þjóðinni að líkami fólks sé ekki söluvara.

Ekki verða gerðar sérstakar athugasemdir við frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 á 206.gr. laganna. En við viljum að eftirfarandi komi fram:

Við styðjum frumvarpið að öllu leyti því það er skref í átt að jafnréttara þjóðfélagi fyrir bæði kynin og kynstrin öll. Konur og börn (rannsóknir sýna að þau eru meirihluti þeirra sem selja aðgang að líkama sínum) eru ekki söluvara sem má beita andlegu og líkamlegu ofbeldi svo að karlmenn geta fengið fullnægingu. Að okkar mati eru engir kaupendur vændis góðir, enginn kaupandi ber virðingu fyrir manneskju sem hann hefur leyfi til að kaupa og beitir því vændiskonunni eða vændisbarninu andlegu ofbeldi hvert skipti sem hann borgar fyrir aðgang að líkama þeirra.

Ráðamenn þjóðarinnar mega ekki verða afstæðishyggjunnir að bráð, heldur verða að taka afstöðu til að vinna á vandamálinu. Við erum sannfærðar um að þetta frumvarp sé fyrsta skrefið til þess að hefja umbætur á þessu samfélagsvandamáli. Önnur nauðsynleg skref þurfa að fylgja í kjölfarið og eru flytjendur frumvarpsins meðvitaðir um það. Við viljum hjálpa vændiskonum og við vonumst til þess að þið hjálpið okkur að hjálpa þeim.

Við leggjum einnig til að orðið kynlífs „þjónusta“, eins og það er notað í frumvarpinu, verði breytt eða skilgreint betur. Hugtakið „þjónusta“ finnst okkur stangast á við eðli frumvarpsins. Mörkin milli vændis, kynlífsþjónustu og kaupum á kynlífi eru mjög óljós í þessu frumvarpi og greinagerðinni sem því fylgir.

Með von um að þið hafið skilning á stöðunni og styðjið þetta frumvarp.
Bestu kveðjur,

Bríetur

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 25 nóvember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum.


Með bréfi, dagsettu 5. nóvember sl., var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp.

Dómstólaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 20. nóvember sl.

Dómstólaráð fer með hluta af stjórnslu héraðsdómstólanna. Það er mat ráðsins að það eigi að jafnaði ekki að hafa áhrif á lagasetningu, þegar frá er talin réttarfarslöggjöf og löggjöf sem varðar skipulag og starfshætti dómstóla með einhverjum hætti.

Með vísan til framangreinds telur ráðið ekki ástæðu til þess að álykta um frumvarpið.

F.h. Dómstólaráðs



Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/412
komudagur 2.12.2003

Til Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

24. nóvember 2003

Femínistafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frv. t. laga um breytingu á **almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum**, 38. mál 130 löggjafarþings 2003-2004.

Félagið leggur til eftirfarandi breytingar á orðalagi frumvarpsins:

1. gr.

Hver sem greiðir fyrir *vændi* skal sæta *sektum eða* fangelsi allt að 2 árum.

Skýringar:

Gerð er tillaga um breytingu á orðinu kynlífsþjónustu í *vændi* til að skýra betur og gera afdráttarlausara að hverju þessi breyting á almennum hegningarlögum lýtur. Þykir rétt að afmarka orðalag frumvarpsins við *vændi* en það hugtak hefur verið um árabíll í almennum hegningarlögum. Í þeim sænsku sérlögum sem höfð hafa verið sem fyrirmynd er yfirleitt vísað í hugtakið samræði og önnur kynferðismök í tengslum við hugtakið *kynlífsþjónustu*. Er því ætlast til að hugtakið *vændi* verði skýrt á sama hátt, þ.e. að *vændi* taki til samræðis og annarra kynferðismaka eins og þau hugtök voru skýrð í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 og eins og þau hafa verið skýrð í réttarframkvæmd fram til þessa dags.

Það er hins vegar brýnt að taka með ýmsum hætti á hinum margbreytilegu myndum klám- og kynlífsiðnaðarins sem orðið kynlífsþjónusta nær til.

Mikilvægt er að refsíákvæði séu skýr. Ísland er nú eina ríkið á Norðurlöndunum þar sem refsiverð er að stunda *vændi* í framfærsluskyni og er slík háttsemi refsiverð með fangelsi allt að 2 árum. Sömu viðurlög gilda þegar börnum yngri en 18 ára er boðin greiðsla til kynferðismaka, sbr. 4 mgr. 202. gr. hgl. Lagt er til í þessu frumvarpi að því verði breytt og ábyrgð færð yfir á þann sem velur að kaupa *vændi*. Refsing við slíku í sænskum sérlögum er sekt eða fangelsi allt að 6 mánuðum og gilda sömu viðurlög þegar í hlut eiga börn yngri en 18 ára sbr. 10 gr. sænsku laganna í kynferðisbrotakafli þeirra..

Lagt er til að hér á landi verði einnig unnt að beita sektum þó að viðurlögin geti orðið fangelsi allt að 2 árum.

Greinargerð:

Ýmsar skýrslur alþjóðastofnana eins og Sameinuðu þjóðanna greina frá því að algengasta mannréttindabrot í heiminum í dag er ofbeldi gegn konum. Jafnframt er réttarstaða kvenna víða bágborin og aðstæður þeirra erfiðar við að sjá sér og sínum farborða. Sameinuðu þjóðirnar og margar aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa um áratuga skeið unnið ötullega að því að styrkja stöðu kvenna og að því að rannsaka og finna leiðir til að vinna gegn því ofbeldi sem konur eru beittar. Um þessi mál hafa verið gerðir margir samningar sem við Íslendingar eigum aðild að.

Ofbeldið tekur á sig ýmsar myndir en ein birtingarmynd þess er sú neyð að selja öðrum aðgang að líkama sínum. Mansal hefur lengi verið stundað í þágu vændis og meginreglan verið sú að konur frá fátækari hlutum heimsins hafa verið fluttar til hinna efnaðri með skipulegum hætti.

Eftir hrun Sovétríkjanna hafa á síðastliðnum árum orðið gríðarlegir fólksflutningar frá löndum Austur-Evrópu. Mikil fátækt og úrræðaleysi fylgdi þeim þjóðfélagsbreytingum sem urðu í þessum löndum og í kjölfarið fylgdi mansal í stórum stíl á ungum stúlkum til Vestur-Evrópu sem eru fyrst og fremst notaðar í skemmtanaíðnaði og vændi. Rannsóknir sýna að hlutskipti þeirra er oft vægast sagt ömurlegt og er ekkert annað en þrælahald en að baki mansalínu standa vel skipulagðir glæpahringir sem jafnframt stunda önnur alvarleg lögbrot eins og peningabætti og eiturlyfjasmygl. Vændi á Vesturlöndum, t.d. Norðurlöndunum er nú órjúfanlega tengt þessu mansali og hafa stjórnvöld þessara landa brugðist við til að stemma stigu við þessari skelfilegu þróun.

Rannsóknir meðal þeirra einstaklinga sem stunda vændi sýna að staða þeirra er afar veik. Margir hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í bernsku eða æsku og margir eru háðir neyslu fíkniefna sem þeir þurfa stöðugt að fjármagna. Líðan þeirra svipar oft til annarra sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sjálfsmynd þeirra er oft brotin, þeir þjást af þunglyndi og sektarkennd og reyna jafnvel sjálfsvíg til að losna út úr eynd sinni.

Mikilvægar upplýsingar um stöðu og aðstæður þeirra sem stunda vændi hér á landi fengust í skýrslu um vændi á Íslandi sem unnin var á vegum dómsmálaráðherra og kom út í mars 2001. Einnig hafa síðari rannsóknir leitt enn frekar í ljós veika stöðu unglunga í vændi.

Af þessu má ljóst vera að mikilvægt er að ráðast gegn því mannréttindabroti og þeirri valdbeitingu sem felst í kaupum á kynlífi og kynlífsþjónustu.

Með því frumvarpi sem hér um ræðir er sýnd viðleitni til að taka með táknrænum og markvissum hætti á þeirri eftirspurn sem er í raun grundvöllur þess ofbeldis sem vændi er. Gerð er tilraun til þess að færa ábyrgð til þess sem er virkur þátttakandi í þeim verknaði sem vændi er og er í raun ráðandi aðili um kaupin.

Femínistafélag Íslands leggur til að þetta frumvarp verði samþykkt með þeim breytingum sem getið er um hér að ofan.

Jafnframt er mjög mikilvægt að gera ráðstafanir til þess að styrkja sérstaklega þá einstaklinga sem hafa leiðst út í vændi og gera þeim kleift að fóta sig í lífinu á nýjan leik. Sérstaklega má nefna samstarfsverkefnið Kvennasmiðjan sem Tryggingastofnun og Félagsþjónustan í Reykjavík hafa rekið fyrir ungar konur undanfarið með mjög góðum árangri.

Fyrir hönd Femínistafélags Íslands,

Halla Gunnarsdóttir
Ráðskona Öryggisráðs

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/435
komudagur 3.12.2003



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

1. desember 2003

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fih) hefur fengið til umsagnar frv. t. laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 38. mál 130 löggjafarþings 2003-2004.

Fyrir hönd Fih vil ég leggja til eftirfarandi breytingar á orðalagi frumvarpsins:

1. gr.

Hver sem greiðir fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Skýringar:

Gerð er tillaga um breytingu á orðinu kynlífsþjónustu í vændi til að skýra betur og gera afdráttarlausara að hverju þessi breyting á almennum hegningarlögum lýtur. Þykir rétt að afmarka orðalag frumvarpsins við vændi en það hugtak hefur verið um árabil í almennum hegningarlögum. Í þeim sænsku sérlögum sem höfð hafa verið sem fyrirmynd er yfirleitt vísað í hugtökin samræði og önnur kynferðismök í tengslum við hugtakið kynlífsþjónustu. Er því ætlast til að hugtakið vændi verði skýrt á sama hátt, þ.e. að vændi taki til samræðis og annarra kynferðismaka eins og þau hugtök voru skýrð í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 og eins og þau hafa verið skýrð í réttarframkvæmd fram til þessa dags.

Það er hins vegar brýnt að taka með ýmsum hætti á hinum margbreytilegu myndum klám- og kynlífsiðnaðarins sem orðið kynlífsþjónusta nær til.

Mikilvægt er að refsíákvæði séu skýr. Ísland er nú eina ríkið á Norðurlöndunum þar sem refsisvert er að stunda vændi í framfærsluskyni og er slík háttsemi refsiverð með fangelsi allt að 2 árum. Sömu viðurlög gilda þegar börnum yngri en 18 ára er boðin greiðsla til kynferðismaka, sbr. 4 mgr. 202. gr. hgl. Lagt er til í þessu frumvarpi að því verði breytt og ábyrgð færð yfir á þann sem velur að kaupa vændi. Refsing við slíku í sænskum sérlögum er sekt eða fangelsi allt að 6 mánuðum og gilda sömu viðurlög þegar í hlut eiga börn yngri en 18 ára sbr. 10 gr. sænsku laganna í kynferðisbrotakafla þeirra.

Lagt er til að hér á landi verði einnig unnt að beita sektum þó að viðurlögin geti orðið fangelsi allt að 2 árum.

Greinargerð:

Ýmsar skýrslur alþjóðastofnana eins og Sameinuðu þjóðanna greina frá því að algengasta mannréttindabrot í heiminum í dag er ofbeldi gegn konum. Jafnframt er réttarstaða kvenna víða bágborin og aðstæður þeirra erfiðar við að sjá sér og sínum farborða. Sameinuðu þjóðirnar og margar aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa um áratuga skeið unnið ötullega að því að styrkja stöðu kvenna og að því að rannsaka og finna leiðir til að vinna gegn því ofbeldi sem konur eru beittar. Um þessi mál hafa verið gerðir margir samningar sem við Íslendingar eigum aðild að.

Ofbeldið tekur á sig ýmsar myndir en ein birtingarmynd þess er sú neyð að selja öðrum aðgang að líkama sínum. Mansal hefur lengi verið stundað í þágu vændis og meginreglan verið sú að konur frá fátækari hlutum heimsins hafa verið fluttar til hinna efnaðri með skipulegum hætti.

Eftir hrun Sovétríkjanna hafa á síðastliðnum árum orðið gríðarlegir fólksflutningar frá löndum Austur-Evrópu. Mikil fátækt og úrræðaleysi fylgdi þeim þjóðfélagsbreytingum sem urðu í þessum löndum og í kjölfarið fylgdi mansal í stórum stíl á ungum stúlkum til Vestur-Evrópu sem eru fyrst og fremst notaðar í skemmtanaíðnaði og vændi. Rannsóknir sýna að hlutskipti þeirra er oft vægast sagt ömurlegt og er ekkert annað en þrælahald en að baki mansalinu standa vel skipulagðir glæpahringir sem jafnframt stunda önnur alvarleg lögbrot eins og peningabætti og eiturlyfjasmýgl. Vændi á Vesturlöndum, t.d. Norðurlöndunum er nú órjúfanlega tengt þessu mansali og hafa stjórnvöld þessara landa brugðist við til að stemma stigu við þessari skelfilegu þróun.

Rannsóknir meðal þeirra einstaklinga sem stunda vændi sýna að staða þeirra er afar veik. Margir hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í bernsku eða æsku og margir eru háðir neyslu fíkniefna sem þeir þurfa stöðugt að fjármagna. Líðan þeirra svipar oft til annarra sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sjálfsmynd þeirra er oft brotin, þeir þjást af þunglyndi og sektarkennd og reyna jafnvel sjálfsvíg til að losna út úr eynd sinni.

Mikilvægar upplýsingar um stöðu og aðstæður þeirra sem stunda vændi hér á landi fengust í skýrslu um vændi á Íslandi sem unnin var á vegum dómsmálaráðherra og kom út í mars 2001. Einnig hafa síðari rannsóknir leitt enn frekar í ljós veika stöðu unglinga í vændi.


Af þessu má ljóst vera að mikilvægt er að ráðast gegn því mannréttindabroti og þeirri valdbeitingu sem felst í kaupum á kynlífi og kynlífsþjónustu.

Með því frumvarpi sem hér um ræðir er sýnd viðleitni til að taka með táknrænum og markvissum hætti á þeirri eftirspurn sem er í raun grundvöllur þess ofbeldis sem vændi er. Gerð er tilraun til þess að færa ábyrgð til þess sem er virkur þátttakandi í þeim verknaði sem vændi er og er í raun ráðandi aðili um kaupin.

Fyrir hönd Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga legg ég eindregið til að þetta frumvarp verði samþykkt með þeim breytingum sem getið er um hér að ofan.

Jafnframt er mjög mikilvægt að gera ráðstafanir til þess að styrkja sérstaklega þá einstaklinga sem hafa leiðst út í vændi og gera þeim kleift að fóta sig í lífinu á nýjan leik. Vil ég sérstaklega benda á samstarfsverkefnið Kvennasmiðjan sem Tryggingastofnun og Félagsþjónustan í Reykjavík hafa rekið fyrir ungar konur undanfarið með mjög góðum árangri.

Kveðja,



Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Alþingi
Erindi nr. P 130/387
komudagur 1.12.2003

Reykjavík 26.11.03

Umsögn um vændisfrumvarp

Þskj.38-38.mál. Frumvarp til laga umbreytingu á almennum hegningarlögum, nr.19/1940, með síðari breytingum.

Erla Björg Sigurðardóttir
félagsráðgjafi
Félagsþjónustunni í Reykjavík
S:5353300
erlabs@fel.rvk.is

Inngangur.

Það er löngu tímabært að endurskoða lög um vændi bæði með tilliti til orðalags og innihalds.

Hugtakið vændi er betur viðeigandi í nútíma samfélagi heldur en lauslæti. Ekki er síður mikilvægt að orðið barn komi í stað ungmenni sem er í samræmi við nýju barnalögin þar sem segir að barn sé á framfæri forráðamanna til 18 ára aldurs.

Markmið laga um vændi er að koma í veg fyrir vændi eða að draga úr því. Vændi er viðskipti og snýst um kaup og sölu þar sem peningar gegna aðal hlutverki og ef horft er til lögmála markaðarins, þá hefur eftirspurn áhrif á framboð. Með því að gera kaupandann að lögbrjóti en ekki seljanda eins og gert er í dag, eru hindranir settar fyrir eftirspurnina þannig að framboðið minnki. Ef til lengri tíma er litið er ekki úr vegi að ætla að breyting á lögum um vændi, í þá veru að gera kaupanda á kynlífsþjónustu sekan í stað seljanda, geti dregið úr ásókn fólks í kaup á kynlífsþjónustu.

Skilgreining.

Ég geng út frá skilgreiningu er segir að vændi sé ofbeldi gegn konum, eða þeim sem selur kynlífsþjónustu (flest konur) og í ljósi þess tel ég rökrétt að gera kaupandann að lögbrjóti en ekki þolanda ofbeldisins eins og löggin gera í dag á Íslandi.

Afleiðingar vændis og félagslegar úrbætur fyrir þolendur þess.

Samkvæmt ofbeldisskilgreiningu er kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu gróf valdbeiting þar sem að valdastaða þess sem kaupir eða hefur milligöngu um þjónustuna, er sterkari, bæði félagslega og efnahagslega, en seljandans.

Í skýrslu Bryndísar B. Ásgeirsdóttur um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess, kemur fram að vændi er stundað á Íslandi í ýmsum myndum. Einnig staðfestir skýrslan að ungt fólk sem stundar vændi á Íslandi er illa statt andlega og félagslega og stundar gjarnan vændi til að fjármagna neyslu vímuefna. Neysla vímuefna og félagslegur vandi þessa fólks er grunnvandi þess sem leiðir viðkomandi oft út í vændi og oft er vítahringurinn slíkur að einstaklingurinn býr við

sjálfsfyrirlitningu, þunglyndi, sjálfsvígshugsanir og jafnvel sjálfsvígstilraunir. Staða þessa unga fólks og líðan er oft á tíðum hörmuleg.

Frumvarpi sem þessu þarf að fylgja ýtarleg ákvæði um félagslegar úrbætur fyrir þolendur vændis. Það að gera kaupandann brotlegan gagnvart lögum leysir ekki vanda þeirra sem selja kynlífsþjónustu í neyð sinni.

Markmið og áhrif refsinga.

Áhrif refsinga eru talin vera tvenns konar:

- 1) Almenn varnaðaráhrif. Hefur það hlutverk að hræða almenning frá því að brjóta af sér, siðferðislega uppbyggingu og þær geta verið vanamyndandi.
- 2) Sérstök varnaðaráhrif. Beinist að brotamanninum sjálfum, gera brotamanninn óskaðlegan tímabundið eða alveg. Hræða brotamanninn sjálfann þannig að hann brjóti ekki af sér aftur. Endurhæfing.

Lögin eru til vegna siðferðishugmynda okkar, hvatning til að breyta rétt.

Áhrif lagasetningar á athafnir fólks.

Hingað til hafa Íslendingar alist upp með menningu og viðhorfum sem inniheldur þau sjónarmið að það að selja kynlífsþjónustu sé ólöglegt og niðurlægjandi fyrir þann sem það stundar. Reyndar er það einnig álitnið nokkuð snautt að þurfa að kaupa sér slíka þjónustu.

Stór hluti af félagsmótun einstaklingsins er að aðlagast formlegum og óformlegum reglum samfélagsins. Lög og reglur samfélagsins hafa því hlutverki að gegna að leiðbeina þegnum þess og þar af leiðandi hafa þær mótandi áhrif á viðhorf og athafnir fólks almennt.

Refsingar við afbrotum eru réttlættar þar sem að þær eru tæki til formlegrar stjórnunnar samfélagsins. Þó að erfitt sé að mæla varnaðaráhrif refsinga á almenning sýna rannsóknir að varnaðaráhrif laga skili sér til þorra almennings. Dæmi um það er að fólk notar bílbelti af því að það fær sekt geri viðkomandi það ekki. Má því ætla að lög um að refsivert sé að kaupa kynlífsþjónustu hafi mótandi áhrif á siðferðiskennd fólks með tímanum. Áhrifin yrðu þau að ungir karlmenn alast upp við þau viðmið að

það sé ólöglegt að kaupa kynlífsþjónustu og að það feli í sér ofbeldi að nýta sér bágindi annarra með slíkum hætti.

Lokaorð.

Það er mikilvægt að fleiri þjóðir en Svíþjóð taki á vanda sem snýr að vændi með því að gera kaupandan brotlegan. Við lifum í alþjóðlegu umhverfi hvað þessi mál varðar sem og annað. Vændi færast á milli landa og tengist alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi.

Það ber að fagna að mannsal er nú skilgreint sem sérstakt refsilagabrot hér á landi og að Íslendingar hafi efnt til sérstaks átaks gegn verslun með konur í samvinnu með hinum Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum.

Ekki eru allir á eitt sáttir um tilætluð áhrif nýju laganna til minnkunnar á vændi og nokkur rök hafa verið færð gegn hinni svokölluðu sænsku leið sem á fullan rétt á sér. Þau rök að vændið færast til neðanjarðarstarfsemi og að tilvera vændisfólks sem verst er statt verði í auknum mæli fyrir ofbeldi í kjölfarið, eru e.t.v. ekki réttlætanleg þar sem að vændi er ólöglegt og þrífst núþegar neðanjarðar. Sá sem selur sig eftir breytingar á lögnum í þá veru að kaupandinn verður sekur gefur seljanda aukna möguleika á að leita sér hjálpar þar sem viðkomandi er ekki lengur lögbrotur. Ég er fylgjandi þessu frumvarpi og er sammála Thomas Ekmann lögreglumanni í Gautaborg sem telur sænsku leiðina eina leið til að gera vændismiðlurum og glæpasamtökum sérstaklega erfitt fyrir. Við Íslendingar getum ekki horft fram hjá því að vændi þrífst á Íslandi í ýmsum myndum og hefur hörmulegar afleiðingar fyrir það fólk sem það stundar. Því síður getum við látið kynlífsþrælkun erlendra kvenna líðast.



Alþingi
Erindi nr. P 130/149/
komudagur 24. 3. 20/149/

Jafnréttisstofa

Akureyri 22. mars 200

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 17. nóvember 2003 óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til almennra hegningarlaga, 38. mál, vændi.

Hér með er beðist velvirðingar á að umsögnin barst ekki fyrir. Vegna sérstakra aðstæðna á Jafnréttisstofu í nóvember síðastliðnum misfórst að vinna umsögnina.


Varðandi mál nr.38, vændi þá vill Jafnréttisstofa koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.


Jafnréttisstofa er þeirrar skoðunar að sala á kynlífsþjónustu/vændi sé í raun að langmestum hluta til ofbeldi gegn konum og að eftirspurn eftir vændi sé meginvandamálið.

Stofan telur að aðrar aðgerðir samhliða því að gera kaup á vændi refsivert séu nauðsynlegar og vill undirstrika að það þarf að vinna að aðgerðum sem miða að því að aðstoða þolendur kynferðisofbeldis. Það er mikilvægt að hafa það í huga að lög eru ekki eingöngu tæki til notkunar í réttarsölum, heldur endurspeglar þau einnig siðferði hvers samfélags og valdahlutföll. Skilaboð frá réttarkerfinu um að kaup á líkömum fólks eins og hverri annari vöru á markaði verði gerð refsiverð mun væntanlega fækka kaupendum vændis. Rannsóknir á Norðurlöndum sýna að meirihluti þeirra karla sem kaupa vændi gera það fjarri heimaslóðum. Líklegra er að þeir muni hugsa sig alvarlega um ef um refsivert athæfi væri um að ræða. Reynslan frá Svíþjóð sýnir að yfir 80% af þjóðinni er hlynnt lögum um bann við kaupum á vændi, þremur árum eftir að slík lög tóku gildi. Sven Axel Månsson, prófessor við Háskólann í Malmö og einhver virtasti sérfræðingur Svíþjóðar á þessu sviði, telur það hafið yfir allan vafa að árangurinn af löggjöfinni sé mjög jákvæður. Þessi árangur birtist m.a. í því að alþjóðlegir glæpahringir sem tengjast mansali og vændi sniðganga nú Svíþjóð.

Í viðbót við að kaup á vændi verði gerð refsiverð, þá gefur frumvarpið stjórnvöldum að auki áhrifaríkt tæki til þess að berjast á móti mansali. Alþjóðastofnanir eins og Evrópuráðið og ÖSE hafa beint þeim tilmælum til aðildalanda sinna að þau beiti öllum tiltækum ráðum til þess að vinna gegn sívaxandi mansali. Jafnréttisstofa telur það vera mikilvægt að færa ábyrgðina yfir á þann sem kaupir vændið.

Virðingarfyllst.


Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri


Kristján Jósteinsson,
sérfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/524
komudagur 8.12.2003

Reykjavík, 2. desember 2003.

Allsherjarnefnd Alþingis,
Alþingi,
Reykjavík.

Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum. 38. mál, vændi.

Kvenfélagasamband Íslands lýsir fullum stuðningi við frumvarpið og hvetur eindregið til að það verði samþykkt.

Hér er um lofsvert framtak að ræða og tekur KÍ undir umsögn og greinargerð þá sem Stígamót hefur sent Allsherjarnefnd Alþingis um þetta mál.

Virðingarfyllt

Helga Guðmundsdóttir
Forseti KÍ

Alþingi
Erindi nr. P 130/317
komudagur 26.11.2003

Kvennakirkjan Laugavegi 59 101 Reykjavík sími 5513934



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Óskað hefur verið umsagnar okkar um frumvarp til almennra hegningarlaga, 38. mál, vændi.

Við lýsum stuðningi okkar við frumvarpið.

Við teljum það felast í hugmyndum kristninnar að hver manneskja skuli eiga sjálfsvirðingu. Við teljum að þjóðfélagið skuli slá skjaldborg um þennan rétt alls fólks síns. Við teljum það áráð á hvort tveggja að nokkur manneskja selji annari aðgang að líkama sínum og nokkur manneskja kaupi aðgang að líkama annarrar manneskju.

Reykjavík. 20. nóvember 2003,

Stýrihópur Kvennakirkjunnar.

Til Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

24. nóvember 2003

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, slysa- og bráðasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss hefur fengið til umsagnar frv. t. laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 38. mál 130 löggjafarþings 2003-2004.

Ég vil leggja til eftirfarandi breytingar á orðalagi frumvarpsins:

1. gr.

Hver sem greiðir fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Skýringar:

Gerð er tillaga um breytingu á orðinu kynlífsþjónustu í vændi til að skýra betur og gera afdráttarlausara að hverju þessi breyting á almennum hegningarlögum lýtur. Þykir rétt að afmarka orðalag frumvarpsins við vændi en það hugtak hefur verið um árabíll í almennum hegningarlögum. Í þeim sænsku sérlögum sem höfð hafa verið sem fyrirmynd er yfirleitt vísað í hugtakið samræði og önnur kynferðismök í tengslum við hugtakið *kynlífsþjónusta*. Er því ætlast til að hugtakið vændi verði skýrt á sama hátt, þ.e. að vændi taki til samræðis og annarra kynferðismaka eins og þau hugtök voru skýrð í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 og eins og þau hafa verið skýrð í réttarframkvæmd fram til þessa dags.

Það er hins vegar brýnt að taka með ýmsum hætti á hinum margbreytilegu myndum klám- og kynlífsiðnaðarins sem orðið kynlífsþjónusta nær til.

Mikilvægt er að refsíákvæði séu skýr. Ísland er nú eina ríkið á Norðurlöndunum þar sem refsisvert er að stunda vændi í framfærsluskyni og er slík háttsemi refsiverð með fangelsi allt að 2 árum. Sömu viðurlög gilda þegar börnum yngri en 18 ára er boðin greiðsla til kynferðismaka, sbr. 4 mgr. 202. gr. hgl. Lagt er til í þessu frumvarpi að því verði breytt og ábyrgð færð yfir á þann sem velur að kaupa vændi. Refsing við slíku í sænskum sérlögum er sekt eða fangelsi allt að 6 mánuðum og gilda sömu viðurlög þegar í hlut eiga börn yngri en 18 ára sbr. 10 gr. sænsku laganna í kynferðisbrotakafli þeirra..

Lagt er til að hér á landi verði einnig unnt að beita sektum þó að viðurlögin geti orðið fangelsi allt að 2 árum.

Greinargerð:

Ýmsar skýrslur alþjóðastofnana eins og Sameinuðu þjóðanna greina frá því að algengasta mannréttindabrot í heiminum í dag er ofbeldi gegn konum. Jafnframt er réttarstaða kvenna víða bágborin og aðstæður þeirra erfiðar við að sjá sér og sínum farborða. Sameinuðu þjóðirnar og margar aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa um áratuga skeið unnið ötullega að því að styrkja stöðu kvenna og að því að rannsaka og finna leiðir til að vinna gegn því ofbeldi sem konur eru beittar. Um þessi mál hafa verið gerðir margir samningar sem við Íslendingar eigum aðild að.

Ofbeldið tekur á sig ýmsar myndir en ein birtingarmynd þess er sú neyð að selja öðrum aðgang að líkama sínum. Mansal hefur lengi verið stundað í þágu vændis og meginreglan verið sú að konur frá fátækari hlutum heimsins hafa verið fluttar til hinna efnaðri með skipulegum hætti.

Eftir hrun Sovétríkjanna hafa á síðastliðnum árum orðið gríðarlegir fólksflutningar frá löndum Austur-Evrópu. Mikil fátækt og úrræðaleysi fylgdi þeim þjóðfélagsbreytingum sem urðu í þessum löndum og í kjölfarið fylgdi mansal í stórum stíl á ungum stúlkum til Vestur-Evrópu sem eru fyrst og fremst notaðar í skemmtanaíðnaði og vændi. Rannsóknir sýna að hlutskipti þeirra er oft vægast sagt ömurlegt og er ekkert annað en þrælahald en að baki mansalínu standa vel skipulagðir glæpahringir sem jafnframt stunda önnur alvarleg lögprot eins og peningabætti og eiturlyfjasmygl. Vændi á Vesturlöndum, t.d. Norðurlöndunum er nú órjúfanlega tengt þessu mansali og hafa stjórnvöld þessara landa brugðist við til að stemma stigu við þessari skelfilegu þróun.

Rannsóknir meðal þeirra einstaklinga sem stunda vændi sýna að staða þeirra er afar veik. Margir hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í bernsku eða æsku og margir eru háðir neyslu fíkniefna sem þeir þurfa stöðugt að fjármagna. Líðan þeirra svipar oft til annarra sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sjálfsmynd þeirra er oft brotin, þeir þjást af þunglyndi og sektarkennd og reyna jafnvel sjálfsvíg til að losna út úr eynd sinni.

Mikilvægar upplýsingar um stöðu og aðstæður þeirra sem stunda vændi hér á landi fengust í skýrslu um vændi á Íslandi sem unnin var á vegum dómsmálaráðherra og kom út í mars 2001. Einnig hafa síðari rannsóknir leitt enn frekar í ljós veika stöðu unglunga í vændi.

Af þessu má ljóst vera að mikilvægt er að ráðast gegn því mannréttindabroti og þeirri valdbeitingu sem felst í kaupum á kynlífi og kynlífsþjónustu.

Með því frumvarpi sem hér um ræðir er sýnd viðleitni til að taka með táknrænum og markvissum hætti á þeirri eftirspurn sem er í raun grundvöllur þess ofbeldis sem vændi er. Gerð er tilraun til þess að færa ábyrgð til þess sem er virkur þátttakandi í þeim verknaði sem vændi er og er í raun ráðandi aðili um kaupin.

Fyrir hönd Neyðarmóttöku vegna nauðgunar vil ég því eindregið leggja til að þetta frumvarp verði samþykkt með þeim breytingum sem getið er um hér að ofan.

Jafnframt er mjög mikilvægt að gera ráðstafanir til þess að styrkja sérstaklega þá einstaklinga sem hafa leiðst út í vændi og gera þeim kleift að fóta sig í lífinu á nýjan leik. Vil ég sérstaklega benda á samstarfsverkefnið Kvennasmiðjan sem Tryggingastofnun og Félagsþjónustan í Reykjavík hafa rekið fyrir ungar konur undanfarið með mjög góðum árangri.

Með vinsemd,

Guðrún Agnarsdóttir yfirlæknir
Neyðarmóttöku vegna nauðgunar

Alþingi
Erindi nr. P 130/930
komudagur 3.2.2004



FRAMSÓKNARFLOKKURINN



Kópavogi, 29. janúar 2004

Allsherjarnefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara,
nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Landsambands framsóknarkvenna vegna frumvarps til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, með síðari breytingum, 38. mál 130. löggjafarþings 2003-2004.

Landssamband framsóknarkvenna (hér eftir nefnt LFK) fagnar framkomnu frumvarpi, um breytingar á almennum hegningarlögum sem ætlað er að sporna gegn því athæfi að einstaklingar noti sér bágindi annarra með því að kaupa sér kynmök. Þá vill LFK lýsa yfir sérstakri ánægju sinni með að um er ræða frumvarp sem hefur víðtækan þverpólitískan stuðning kjörinna fulltrúa Alþingis enda um mjög mikilsvert mál að ræða fyrir samfélag okkar.

LFK hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á að senda frá sér ályktanir með hvatningu um að spornað verði gegn því að grundvallarreglur siðferðis í samfélaginu séu vanvirtar.

Á 10. landsþingi LFK 2002 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„ 10. landsþing Landssambands framsóknarkvenna varar við þeirri óheillaþróun sem á sér stað með klámvæðingu á Íslandi. LFK bendir á mikilvægi þess að unnið sé gegn mannréttindabrotum á konum sem fluttar eru mansali milli landa. Jafnframt skorar þingið á karlmenn að eiga ekki viðskipti við klámbúllur. Þá skorar þingið á sveitarstjórnir í landinu að veita ekki leyfi fyrir slíkri starfsemi. “

Þá var á 11. landsþingi LFK 2003 samþykkt ályktun um að sú breyting yrði gerð á almennum hegningarlögum að kaup á vændi yrðu gerð refsiverð.

„ 11. landsþing Landssambands framsóknarkvenna leggur til að sú breyting verði gerð á almennum hegningarlögum að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Landsamband framsóknarkvenna hafnar því að líkami karls, konu eða barns geti verið söluvara og andlag í viðskiptum og telur breytinguna til þess fallna að vinna gegn mansali og klámvæðingu. “

Mansal er því miður orðið eitt af þeim stærstu vandamálum sem alþjóðasamfélagið þarf nú að glíma við. Glæpahringir hafa séð sér leik á borði vegna þess ástands sem skapast hefur á undanförunum árum í fátækum löndum Austur-Evrópu og fyrrum ríkjum Sovétríkjanna, þar sem efnahagsleg og félagsleg eymd er mikil. Er svo komið að mansalið er orðinn iðnaður sem talinn er velta jafnvel mun meira fé en verslun með ólögleg eiturlyf. Því er orðið brýnt að grípa til aðgerða til að sporna við starfsemi sem þessari og því nauðsynlegt að gera yfirvöldum kleift að grípa til viðhlítandi úrræða svo sem refsinga. Af þessum sökum getur frumvarpið ef það verður að lögum orðið mikilvægt tæki í baráttunni gegn mansali með því að minnka eftirspurn eftir kaupum á vændi.

Fullyrða má að vændi er jafnframt afleiðing af stærra vandamáli samfélagsins eins og skýrsla er dómsmálaráðherra lét nýverið vinna, „ Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess “ gaf skýrlega til kynna. Flestir seljendur vændis af báðum kynjum eru oft fórnarlömb ofbeldisbrota annarra og/eða eiturlyfjafíknar og hafa gert tilraunir til sjálfsvígs, sem er auðvitað fyrst og fremst vegna ótrúlegrar andlegrar vanlíðunar. Þeir eru fíkniefnaneytendur sem í eymd sinni leiðast út í vændi til að fjármagna neyslu sína, einstaklingar af báðum kynjum sem oft hafa sætt kynferðislegri mistnotkun sem börn og unglingar og sitja eftir niðurlægð, með sjálfsmynd sem er brotin og full sjálfsfyrirlitningar. Af þessu má leiða að vændi tengist með skýrum og marktækum hætti alvarlegustu hliðum íslensks samfélags.

Til þess að hægt sé að komast að rótum vandans er mikilvægt að leggja ábyrgð á kaupanda vændis og þar með má telja auknar líkur á því að eftirspurn eftir vændi minnkl.

Eins og áður hefur komið fram er það yfirleitt svo að erfiðar félagslegar aðstæður eru oftast en ekki ástæða þess að einstaklingar leiðast út í það að stunda vændi. Því má telja að ef sala þess er áfram höfð refsiverð þá yrði það til þess að vandamálið kæmist ekki upp á yfirborðið vegna hræðslu við refsingar. Það yrði því á allan hátt mun erfiðara að uppræta þetta alvarlega þjóðfélagslega mein.

Með þessar ofangreindu staðreyndir að leiðarljósi vill LFK styðja þær breytingatillögur sem Jónína Bjartmarz, alþingismaður hefur kynnt að hún muni leggja til við frumvarpið. Eftirgreindar breytingar á efni frumvarpsins eru því lagðar til:

1) Tillaga um breytt orðalag í 1. gr. frumvarpsins:

Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af nokkru tagi skal.....

LFK leggur til að hugtakið *kynlífsþjónusta* verð fellt úr frumvarpinu þar sem merking þess getur verið á reiki og gæti valdið erfiðleikum í framkvæmd. Þess í stað er lagt til að notað verði hugtakið vændi og það skilgreint í reglugerð, þ.e.a.s. að vændi taki til samræðis eða annarra kynferðismaka gegn greiðslu.

2) Tillaga um breyttan refsiramma:


Í 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er fjallað um refsirammann. Þar kemur fram í 1. mgr. að refsing fyrir kaup á kynlífsþjónustu skuli vera allt að tveggja ára fangelsi. Í 2. mgr. er kveðið á um að hver sá sem hefur tekjur af milligöngu af vændi annarra skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum.

LFK leggur til að neðri mörkum refsirammans í frumvarpinu verði breytt á þann hátt að hægt verði að ljúka málum kaupanda vændis með greiðslu sektar.

LFK vill að lokum ítreka mikilvægi þess að þessar breytingar á almennum hegningarlögum samkvæmt frumvarpi þessu nái fram að ganga. Eitt alvarlegasta vandamál samtímans viðskipti með fólk sérstaklega börn og konur verður að stöðva með öllum ráðum. Að mati LFK er þetta frumvarp þungt lóð á þá vogarskál.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands framsóknarkvenna,



Una María Óskarsdóttir,
formaður LFK.

Alþingi
Erindi nr. P 130/413
komudagur 2.12.2003

Til Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

24. nóvember 2003

Félag kvenna í læknastrétt á Íslandi hefur fengið til umsagnar frv. t. laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 38. mál 130 lögjafarþings 2003-2004.

Fyrir hönd félagsins vil ég leggja til eftirfarandi breytingar á orðalagi frumvarpsins:

1. gr.

Hver sem greiðir fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Skýringar:

Gerð er tillaga um breytingu á orðinu kynlífsþjónustu í vændi til að skýra betur og gera afdráttarlausara að hverju þessi breyting á almennum hegningarlögum lýtur. Þykir rétt að afmarka orðalag frumvarpsins við vændi en það hugtak hefur verið um árábil í almennum hegningarlögum. Í þeim sænsku sérlögum sem höfð hafa verið sem fyrirmynd er yfirlétt vísað í hugtökin samræði og önnur kynferðismök í tengslum við hugtakið *kynlífsþjónustu*. Er því ætlast til að hugtakið vændi verði skýrt á sama hátt, þ.e. að vændi taki til samræðis og annarra kynferðismaka eins og þau hugtök voru skýrð í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 og eins og þau hafa verið skýrð í réttarframkvæmd fram til þessa dags.

Það er hins vegar brýnt að taka með ýmsum hætti á hinum margbreytilegu myndum klám- og kynlífsiðnaðarins sem orðið kynlífsþjónusta nær til.

Mikilvægt er að refsíákvæði séu skýr. Ísland er nú eina ríkið á Norðurlöndunum þar sem refsiverð er að stunda vændi í framfærsluskyni og er slík háttsemi refsiverð með fangelsi allt að 2 árum. Sömu viðurlög gilda þegar börnum yngri en 18 ára er boðin greiðsla til kynferðismaka, sbr. 4 mgr. 202. gr. hgl. Lagt er til í þessu frumvarpi að því verði breytt og ábyrgð færð yfir á þann sem velur að kaupa vændi. Refsing við slíku í sænskum sérlögum er sekt eða fangelsi allt að 6 mánuðum og gilda sömu viðurlög þegar í hlut eiga börn yngri en 18 ára sbr. 10 gr. sænsku laganna í kynferðisbrotakafla þeirra.

Lagt er til að hér á landi verði einnig unnt að beita sektum þó að viðurlögin geti orðið fangelsi allt að 2 árum.

Greinargerð:

Ýmsar skýrslur alþjóðastofnana eins og Sameinuðu þjóðanna greina frá því að algengasta mannréttindabrot í heiminum í dag er ofbeldi gegn konum. Jafnframt er réttarstaða kvenna víða bágborin og aðstæður þeirra erfiðar við að sjá sér og sínum farborða. Sameinuðu þjóðirnar og margar aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa um áratuga skeið unnið ötullega að því að styrkja stöðu kvenna og að því að rannsaka og finna leiðir til að vinna gegn því ofbeldi sem konur eru beittar. Um þessi mál hafa verið gerðir margir samningar sem við Íslendingar eigum aðild að.

Ofbeldið tekur á sig ýmsar myndir en ein birtingarmynd þess er sú neyð að selja öðrum aðgang að líkama sínum. Mansal hefur lengi verið stundað í þágu vændis og meginreglan verið sú að konur frá fátækari hlutum heimsins hafa verið fluttar til hinna efnaðri með skipulegum hætti.

Eftir hrun Sovétríkjanna hafa á síðastliðnum árum orðið gríðarlegir fólksflutningar frá löndum Austur-Evrópu. Mikil fátækt og úrræðaleysi fylgdi þeim þjóðfélagsbreytingum sem urðu í þessum löndum og í kjölfarið fylgdi mansal í stórum stíl á ungum stúlkum til Vestur-Evrópu sem eru fyrst og fremst notaðar í skemmtanaíðnaði og vændi. Rannsóknir sýna að hlutskipti þeirra er oft vægast sagt ömurlegt og er ekkert annað en þrælahald en að baki mansalínu standa vel skipulagðir glæpahringir sem jafnframt stunda önnur alvarleg lögbrot eins og peningabætti og eiturlyfjasmýgl. Vændi á Vesturlöndum, t.d. Norðurlöndunum er nú órjúfanlega tengt þessu mansali og hafa stjórnvöld þessara landa brugðist við til að stemma stigu við þessari skelfilegu þróun.

Rannsóknir meðal þeirra einstaklinga sem stunda vændi sýna að staða þeirra er afar veik. Margir hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í bernsku eða æsku og margir eru háðir neyslu fikniefna sem þeir þurfa stöðugt að fjármagna. Líðan þeirra svipar oft til annarra sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sjálfsmynd þeirra er oft brotin, þeir þjást af þunglyndi og sektarkennd og reyna jafnvel sjálfsvíg til að losna út úr eynd sinni.

Mikilvægar upplýsingar um stöðu og aðstæður þeirra sem stunda vændi hér á landi fengust í skýrslu um vændi á Íslandi sem unnin var á vegum dómsmálaráðherra og kom út í mars 2001. Einnig hafa síðari rannsóknir leitt enn frekar í ljós veika stöðu unglunga í vændi.

Af þessu má ljóst vera að mikilvægt er að ráðast gegn því mannréttindabroti og þeirri valdbeitingu sem felst í kaupum á kynlífi og kynlífsþjónustu.

Með því frumvarpi sem hér um ræðir er sýnd viðleitni til að taka með táknrænum og markvissum hætti á þeirri eftirspurn sem er í raun grundvöllur þess ofbeldis sem vændi er. Gerð er tilraun til þess að færa ábyrgð til þess sem er virkur þátttakandi í þeim verknaði sem vændi er og er í raun ráðandi aðili um kaupin.

Fyrir hönd Félags kvenna í læknastétt á Íslandi vil ég því eindregið leggja til að þetta frumvarp verði samþykkt með þeim breytingum sem getið er um hér að ofan.

Jafnframt er mjög mikilvægt að gera ráðstafanir til þess að styrkja sérstaklega þá einstaklinga sem hafa leiðst út í vændi og gera þeim kleift að fóta sig í lífinu á nýjan leik. Viljum við sérstaklega benda á samstarfsverkefnið Kvennasmiðjan sem Tryggingastofnun og Félagsþjónustan í Reykjavík hafa rekið fyrir ungar konur undanfarið með mjög góðum árangri.

Með kærri kveðju, fyrir hönd stjórnar félags kvenna í læknastétt á Íslandi (FKLÍ)

Ólóf Sigurðardóttir

Ólóf Sigurðardóttir sérfræðingur

Fráfarandi formaður FKLÍ og núverandi meðstjórnandi

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2003.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. 130. löggjafarþing 2003–2004. – Þskj. 38—38. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Með frumvarpinu eru lögð til tvenn nýmæli í 206. gr. almennra hegningarlaga í þá veru annars vegar að gera refsiverðan þátt þess, sem kaupir vændi og það, sem kallað er í frumvarpinu kynlífsþjónusta. Hins vegar að breyta ákvæði 4. mgr. 206. gr. þannig að aldursmörk hverfi úr greininni og gera athæfi það sem greinin fjallar um refsivert hvort sem viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki. Auk þessara nýmæla er lögð til sú breyting að láta af notkun hugtaksins “lauslæti” við skilgreiningu þeirrar háttsemi, sem lýst er refsiverð í núgildandi 206. gr., og taka þess í stað upp í ákvæðið hugtakið “vændi”, og skilgreiningarnar “kynlífsþjónusta af nokkru tagi” og “þátttaka í klám- eða kynlífsiðnaði”.

Laganefnd álitur það ekki sitt hlutverk að taka þátt í þeirri pólitísku umræðu sem fram fer um það siðferðisþólitíska álitamál, hvort gera eigi þátt kaupanda í vændisþjónustu refsiverðan, sbr. 1. mgr. frumvarpsins, eða færa fram tillögur um frumvarpið á siðferðislegum grunni. Hins vegar telur laganefnd það falla innan hlutverks síns að benda á eftirfarandi atriði varðandi 1. og 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Hugtakið “vændi” í stað hugtaksins “lauslæti”

Samkvæmt frumvarpinu virðist laganefnd að flutningsmenn gera ráð fyrir að skilgreining hugtaksins “vændi” í frumvarpinu og í núgildandi 1. mgr. 206. gr. falli saman við skilgreiningu hugtaksins “lauslæti” í 206. gr. núgildandi laga. Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til skýrslu um samanburð á lögum á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. sem dómsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi. Fellst laganefnd á röksemdir fyrir því að færa ákvæðin til nútímalegra orðfæris.

1. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Út frá lagatæknilegu og refsiréttarlegu sjónarmiði telur laganefnd að brotaskilgreining 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins sé of óljós. Í frumvarpinu er hvergi að finna skilgreiningu á “annarri kynlífsþjónustu”. Telur laganefnd þetta ekki standast skilyrði traustrar refsilöggjafar um skýrar, ótvíræðar og nákvæmar refsheimildir. Er vísað til 69. gr.

Stjórnarskrárinna nr. 33/1944 og til laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

4. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Laganefnd tekur fram að hún telur að með tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins No. R (2000) 11, “*Trafficking in human beings for the purpose of sexual exploitation*”, frá 19. maí 2000 hafi íslenska ríkið sem aðildarríki ráðsins skuldbundið sig til þess að endurskoða löggjöf sína og framkvæmd á sviði mansals til kynlífsþrælkunar. Í fylgiskjali með tilmælum ráðherranefndarinnar er meginhugmyndin að baki þeim skýrð með eftirfarandi hætti:

The basic notions should be as follows: trafficking in human beings for the purpose of sexual exploitation includes the procurement by one or more natural or legal persons and/or the organisation of the exploitation and/or transport or migration – legal or illegal – of persons, even with their consent, for the purpose of their sexual exploitation, *inter alia* by means of coercion, in particular violence or threats, deceit, abuse of authority or of a position of vulnerability.

Laganefnd telur að sú breyting sem frumvarpið ráðgerir á 4. mgr. myndi færa ákvæðið til meira samræmis við ofangreind tilmæli, enda gerir frumvarpið ráð fyrir að kunnugleiki viðkomandi um tilgang fararinnar og samþykki til hennar myndi ekki skipta máli lengur varðandi refsinaemi brots, auk þess sem aldursmörk yrðu tekin út.

Hins vegar telur laganefnd að í frumvarpinu sé ekki nægilega afmarkað hversu víð skilgreiningin á “hvers kyns klám –og kynlífsiðnaði” í ákvæðinu skuli vera.

Laganefnd tekur undir fyrirhugaða breytingu á 4. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, með ofangreindum athugasemdum, á sama hátt og hún tók fyrir á þessu ári í umsögn til allsherjarnefndar undir þá breytingu sem gerð var með nýju ákvæði, 227. gr. a, sem ætlað er að sporna við mansali.

Að öðru leyti hefur laganefnd ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður



Alþingi
Erindi nr. P 130/298
komudagur 25.11.2003

LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

Reykjavík, 21. nóvember 2003

ES/sg

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 5. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, 38. mál, vændi.

Svc sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það sama efnis og frumvarp sem lagt var fram margsinnis á síðasta kjörtímabili. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þessu frumvarpi. Með bréfum, dagsettum 4. maí og 7. desember 2001, sendi embættið allsherjarnefnd umsagnir varðandi þær útgáfur frumvarpsins sem þá voru til meðferðar.

Embættið getur enn ekki mælt með því að frumvarp þetta verði að lögum og er í því sambandi vísað til athugasemda í nefndri umsögn frá 4. maí 2001 eftir því sem við getur átt. Áhersla er lögð á að enn eru notuð hugtök sem þykja mjög óljós og líkleg eru til að valda miklum vanda fyrir lögreglu, ákærvald og dómstóla að fást við þessi brot. Í greinargerð með frumvarpinu nú kemur fram að hvorugt hugtakið vændi eða lauslæti hafi verið skilgreint í lagatexta “og sýnist sem að erfitt hafi verið fyrir lögregluþyriföld og dómstóla að starfa eftir bókstaf laganna”. Af hálfu embættisins er ekki tekið undir það að skýringarinnar á því að tiltölulega fá mál hafa gengið til dóms á undanförunum áratugum fyrir vændi sé að leita í því að hugtök í gildandi lagaákvæði séu óskýr. Á því eru aðrar skýringar. Auk þeirra atriða er greinir í umsögninni skal tekið fram að full ástæða þykir til að huga að því hvort ekki sé eðlilegt að heimila sektarefsingar fyrir minni háttar brot af því tagi sem hér um ræðir.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Til Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

5. desember 2003

Rannsóknastofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands hefur fengið til
umsagnar frv. t. laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940,
með síðari breytingum, 38. mál 130 löggjafarþings 2003-2004.

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum fagnar frumvarpi þessu enda telur hún
mikilvægt og tímabært að endurskoða hegningarlög um vændi og kynlífsþjónustu á
Íslandi. Fjölmargar rannsóknir á vændi og afleiðingum þess sýna að um alvarlegt
samfélagsvandamál er að ræða. Verði breytingar þessar samþykktar leggur Ísland sitt
að mörkum í baráttu þjóða gegn mansali og annarri alþjóðlegri glæpastarfsemi sem
snýr að kynlífsþjónustu og vændi.

Við leggjum til eftirfarandi breytingu á orðalagi frumvarpsins:


1. gr. Hver sem greiðir fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

**Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum vekur athygli nefndarinnar á
viðhorfskönnun um jafnrétti kynjanna – fyrstu niðurstöðum – sem lúta að
viðhorfum þjóðarinnar til vændis og kynlífsþjónustu.**

Á tímabilinu 19. september 12. október 2003 var viðamikil viðhorfskönnun um
jafnrétti kynjanna lögð fyrir 1200 einstaklinga, á aldrinum 18 til 75 ára, af landinu
öllu. Könnunin var framkvæmd af IMG-Gallup fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og
kynjafræðum við Háskóla Íslands. Fréttatilkynning um fyrstu niðurstöður
könnunarinnar, sem sýna viðhorf fólks til vændis og kynlífsþjónustu, var send til
fjölmíðla í morgun (sjá fréttatilkynningu á næstu síðu). Þar kemur skýrt fram að
meirihluti þjóðarinnar, eða 70,1%, er sammála því að það ætti að vera ólöglegt að
kaupa kynlíf. Mikill meirihluti svarenda er sammála um að ólöglegt eigi að vera að
kaupa kynlífsþjónustu en marktækur munur er þó milli kynjanna. Þannig eru 79%
kvenna sammála banni við kaupum á kynlífi en 60% karla.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að breytingar á lögnum um vændi eru í samræmi
við siðferðisvitund og vilja meirihluta þjóðarinnar.

Virðingarfyllst,



Irma Erlingsdóttir

f. h. stjórnar Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands

FRÉTTATILKYNNING

Reykjavík, 5. desember 2003

Efni: Niðurstöður könnunar um viðhorf Íslendinga til vændis og kynlífsþjónustu.

Sendandi: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. **Fyrirspurnir:**

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Þóru Ásgeirsdóttur, forstöðumanns viðhorfsrannsókna hjá IMG-Gallup,

sími 540 10 11 / 896 44 27. Netfang: thora@img.is

Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, sími 525 45 95, Netfang: rikk@hi.is

Rósu Erlingsdóttur, jafnréttisfulltrúa og verkefnisstjóra, sími: 525 45 95 / 866 68 98, Netfang:


rosaerli@hi.is

Á tímabilinu 19. september – 12. október 2003 var viðamikil viðhorfskönnun um jafnrétti kynjanna lögð fyrir 1200 einstaklinga af landinu öllu á aldrinum 18 til 75 ára Svarhlutfallið í könnuninni var 63%. Könnunin var unnin af Rannsóknarstofu í kvenna – og kynjafræðum við Háskóla Íslands í samstarfi við nefnd um efnahagsleg völd kvenna og Gallup-IMG. Hún var styrkt af nefnd um efnahagsleg völd kvenna, félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Nýsköpunarsjóði námsmanna og IMG-Gallup sem jafnframt framkvæmdi könnunina. Verkefnið er hluti af stærri rannsókn sem ber yfirskriftina „Jafnrétti í íslensku samfélagi – ímyndir og raunveruleiki“ sem unnin er hjá Rannsóknastofunni.

Könnunin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og var hún samin með hliðsjón af sambærilegum erlendum könnunum sem framkvæmdar eru með reglulegu millibili til að mæla breytingar á viðhorfum almennings til kynjajafnréttis. Stefnt er að því að íslenska könnunin verði framkvæmd af jafnréttisyfirvöldum á 2-3 ára fresti til að gefa vísbindingar um stöðu og þróun jafnréttismála í samfélaginu. Helstu efnisflokkar könnunarinnar eru; almenn viðhorf til stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, reynsla og viðhorf til kynjajafnréttis á vinnumarkaði, samhæfing vinnu og einkalífs, kynferðisleg áreitni og viðhorf til mála sem eru ofarlega á baugi í jafnréttisumræðunni hverju sinni. Hér eru kynntar fyrstu niðurstöður könnunarinnar, sem snúa að viðhorfum fólks til vændis og kynlífsþjónustu.

Niðurstöður


- **Ertu sammála eða ósammála því að vændi sé frjálst val þeirra sem það stunda?**



Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
		Fjöldi	%	
Mjög sammála	67	11,2	2,5	
Frekar sammála	146	24,3	3,4	
Frekar ósammála	105	17,5	3,0	
Mjög ósammála	282	47,0	4,0	
Fjöldi svara	600	100,0		
Toku afstöðu	600	86,6		
Toku ekki afstöðu	93	13,4		
Fjöldi svarenda	693	100,0		

- Meirihluti svarenda er ósammála því að vændi sé frjálst val þeirra sem það stunda, eða 65%.
- Marktækur munur er á viðhorfum kynjanna en 74% kvenna og 53% karla er ósammála því að vændi sé frjálst val þeirra sem það stunda.

- **Ertu sammála eða ósammála því að það ætti að vera ólöglegt að kaupa kynlífsþjónustu?**




Svör	Fjöldi	Vik- Hlutfall mörk	
		%	+/-
Mjög sammála	336	54,5	3,9
Frekar sammála	96	15,6	2,9
Frekar ósammála	98	15,9	2,9
Mjög ósammála	87	14,1	2,7
Fjöldi svara	617	100,0	
Töku afstöðu	617	89,0	
Töku ekki afstöðu	76	11,0	
Fjöldi svarenda	693	100,0	

- Meirihluti svarenda, eða 70,1%, er sammála því að það ætti að vera ólöglegt að kaupa kynlífsþjónustu.
- Þó meirihluti svarenda séu sammála um að ólöglegt eigi að vera að kaupa kynlífsþjónustu kemur fram marktækur munur milli kynja. Þannig eru 79% kvenna sammála banni við kaupum á kynlífsþjónustu en 60% karla.

- Ertu sammála eða ósammála því að það ætti að vera löglegt að stunda vændi sér til framfærslu?

(Hér var spurt um lögleiðingu vændis)




Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
		Fjöldi	%	
Mjög ósammála	379	60,7	3,8	
Frekar ósammála	124	19,9	3,1	
Frekar sammála	90	14,4	2,8	
Mjög sammála	31	5,0	1,7	
Fjöldi svara	624	100,0		
Toku atstöðu	624	90,0		
Toku ekki atstöðu	69	10,0		
Fjöldi svarenda	693	100,0		

- Rúm 80% svarenda eru ósammála því að það eigi að vera löglegt að stunda vændi sér til framfærslu.
- Marktækur munur er á milli kynja. Þannig eru 46% karla ósammála að það eigi að vera löglegt að stunda vændi sér til framfærslu á móti 73% kvenna.

- **Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) banni við einkadansi?**

(Með einkadansi er átt við einkasýningar á nektardansi sem fara fram í lokuðu rými innan veitingastaða, gegn greiðslu áhorfenda)



Svör	Fjöldi	Hlutfall		Vik- mörk +/-
		Fjöldi	%	
Mjög hlynnt(ur)	218	40,0	4,1	
Frekar hlynnt(ur)	92	16,9	3,1	
Frekar andvíg(ur)	93	17,1	3,2	
Mjög andvíg(ur)	142	26,1	3,7	
Fjöldi svara	545	100,0		
Tóku afstöðu	545	78,6		
Tóku ekki afstöðu	148	21,4		
Fjöldi svarenda	693	100,0		

- Tæplega 60% svarenda er hlynntur banni við einkadansi.
- Um er að ræða marktækan mun milli kynja, þar sem 63% kvenna er hlynnt banninu á móti 49% karla.

Refsiréttarnefnd

Reykjavík, 26. nóvember 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 38. mál, vændi.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á ákvæði 206. gr. hgl. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er rakið að helstu breytingar séu í fyrsta lagi þær að „[r]efsiábyrð vegna vændis breytist þannig að kaup á vændi og annarri kynlífsþjónustu verði refsiverð en vændi sem stundað [sé] til framfærslu verði ekki lengur refsivert“. Í öðru lagi að „[o]rðalaginu í gildandi lögum „hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra“ verði breytt í „hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra“. Í þriðja lagi er lagt til að orðinu „lauslæti“ í gildandi ákvæði 206. gr. hgl. verði breytt í „vændi“. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að orðinu „ungmenni“ verði breytt í „barn“ og orðalaginu „viðurværi sitt af lauslæti“ verði breytt í „stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu“. Í fimmta lagi segir í greinargerðinni að ákvæði 4. mgr. 206. gr. verði breytt þannig að aldursmörk hverfi út úr greininni og gert verði ráð fyrir því að „athæfi sem greinin [fjalli] um verði refsivert hvort sem viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi [liggi] fyrir eða ekki. Þá sé gerð tillaga um að aldursmörk núgildandi ákvæðis falli niður og að ekki skipti máli hvort viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki“. Þá er lagt til að orðalagið „hafa viðurværi sitt af lauslæti“ breytist í „taka þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði“. Loks er því lýst í greinargerðinni að í 5. mgr. 206. gr. sé gert ráð fyrir því að orðalagið „gerir sér lauslæti annarra að tekjulind“ breytist í „hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita“.

Í greinargerð frumvarpsins er lýst þeim forsendum sem ráðandi eru við val á þeirri leið sem farin er. Er þar vísað til þess að hugtökin „vændi“ eða „lauslæti“ hafi ekki verið „skilgreind í lagatexta“ og svo „sýnist sem að erfitt hafi verið fyrir lögregluþyriföld og dómstóla að starfa eftir bókstaf laganna“. Í annan stað er rakin þróun á alþjóðavettvangi, m.a. um aðgerðir til að sporna gegn mansali, og dregin sú ályktun af leiðbeinandi reglum jafnréttisnefndar Evrópuráðsins, sem ráðherranefnd þess hafi afgreitt, að „kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu“ sé „gróf valdbeiting, kynferðislegt ofbeldi, þar sem valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna er staða hins sterka“. Þá er þess

getið að talið sé að „verslun með konur til kynlífsþrælkunar sé oftast tengd annarri glæpastarfsemi“. Í greinargerðinni er vísað til skýrslunnar: *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi*, sem dómsmálaráðherra lét gera og kom út á árinu 2001. Þá er rakið að með frumvarpinu sé lagt til að „Íslendingar fari að dæmi Svía og innleiði „sænsku leiðina“ sem feli í sér að ábyrgðin sé flutt af herðum þess sem selur líkama sinn yfir á herðar þess sem búi til eftirspurnina“. Lýst er erindi Gunillu Ekberg um sænsku leiðina og fundi sem efnt var til með Margaretu Winberg aðstoðarforsætisráðherra Svíþjóðar. Loks er vísað til ályktana samtaka kvennahreyfinga í Evrópu (ENATW) sem m.a. hafi hvatt til þess að stjórnvöld setji lög og reglur sem innleiði raunhæfar leiðir til að koma í veg fyrir mansal til kynlífsþrælkunar og aðferðir sem dragi úr eftirspurn eftir kynlífsþjónustu.

I.

Lagt er til í nefndu frumvarpi að gerð verði sú grundvallarbreyting á ákvæði 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (eftirleiðis skammstafað hgl.) að ekki verði lögð refsing við því að stunda vændi heldur við því að „greiða fyrir kynlífsþjónustu af nokkru tagi“. Gert er ráð fyrir að refsing fyrir þessa háttsemi verði fangelsi allt að 2 árum.

Þar sem tillagan felur í sér að bæði eðli og inntak verknaðarlýsingar núgildandi 1. mgr. 206. gr. hgl. er breytt í öllum aðalatriðum telur refsiréttarnefnd rétt að minna á mikilvægi þess að slíkar breytingar á refsilöggjöf styðjist við haldbær og málefnaleg rök þannig að viðhlítandi grundvöllur sé lagður að mati löggjafans á refsipörfinni í viðkomandi tilviki. Þar sem lögð er til breyting á almennum hegningarlögum telur refsiréttarnefnd rétt að minna á eftirfarandi athugasemdir úr greinargerð með frumvarpi því er varð að þeim lögum sem enn lýsa að mati nefndarinnar þeim meginsjónarmiðum sem hafa verður í huga þegar lagðar eru til grundvallarbreytingar á refsilöggjöf:

„Refsing er ein þeirra aðferða, sem þjóðfélagið hefir til þess að verjast réttarbrotum. Markmið refsingar er fyrst og fremst verndun almenns réttaröryggis og viðhald lögbundins þjóðskipulags. En auk þess fullnægir refsing réttlætistilfinningu almennings, er ekki sættir sig við það, að menn skerði órefsað mikilvæg réttindi annarra. Það mun ekki dregið í efa, að refsing eigi rétt á sér vegna þessa tilgangs, þar eð víst má telja, að aðrar vægari aðferðir mundu ekki verða að gagni. En nú er refsing böf, bæði þeim, er henni sættir, og ýmsum öðrum einstaklingum, einkum vandamönnum afbrotamannsins, og loks þjóðfélaginu í heild, þó að hún sé því nauðsynlegt böf. Af því leiðir, að refsingu ber ekki að beita, nema nauðsyn krefji og ætla megi, að hún nái tilgangi sínum. Ýmsum réttarbrotum er þannig háttað, að önnur og vægari viðurlög en refsing er til þess fallin að afstýra þeim. [Ekki verður ætlað], að refsing sé til þess fallin að betra hugarfar þess, sem fyrir henni verður. Hún er, eins og áður segir, nauðsynleg neyðarráðstöfun, en til þess að ala upp sanna löghlýðni munu aðrar aðferðir betri.“ (Alþt. 1939, A-deild, bls. 352-353.)

Refsiréttarnefnd telur ekki rétt að taka efnislega afstöðu til þeirrar leiðar sem valin er í frumvarpinu út frá refsipólítískum sjónarmiðum. Það er hins vegar viðhorf nefndarinnar að þau sjónarmið og rök sem færð séu fram í greinargerðinni með frumvarpinu séu ekki nægjanlega haldbær að virtri þeirri breytingu sem lögð er til á 206. gr. hgl. Í því sambandi hefur nefndin tekið mið af því að lögð er til veruleg og um margt óljós rýmkun á verknaðarlýsingu ákvæðisins frá því að miðast við efnisinntak hugtaksins „vændi“ til þess að beinast að „kynlífsþjónustu“. Fyrir utan þau vandkvæði sem þessi tillaga skapar

út frá sjónarmiðum um skýrleika refsheimilda, sem fjallað verður um hér síðar, fær refsiréttarnefnd ekki séð að nægjanlega sé gerð grein fyrir markmiðum hennar í greinargerðinni eða hver tilgangur hennar sé. Nefndin getur ekki tekið undir þá ályktun sem fram kemur í greinargerðinni að núgildandi verknaðarlýsing, þar sem notast er við hugtakið „vændi“ í 1. mgr. 206. gr., hafi leitt til erfiðleika í réttarframkvæmd. Telur nefndin að fáar dómsúrlausnir á þessu sviði séu fyrst og fremst afleiðing þess að þau tilvik sem falli undir 1. mgr. 206. gr., í ljósi grunnskilyrðis ákvæðisins um að vændi sé stundað til „framfærslu“, hafi ekki reynst mörg í framkvæmd til þessa, a.m.k. þau sem komið hafa til kasta lögreglu. Þá má einnig geta þess að vegna eðlis slíkra mála, m.a. að virtum félagslegum aðstæðum þeirra sem í hlut eiga, getur komið til þess að handhafi ákærvalds ákveði að ekki sé tilefni til útgáfu ákæru, sbr. f-lið 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, vegna sérstakra aðstæðna er varða meintan geranda og að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Refsiréttarnefnd fær ekki séð að nægjanlega séu skýrð þau tengsl sem ítrekað er vísað til í greinargerðinni á milli alþjóðlegrar samvinnu gegn mansali eða eðli slíkrar háttsemi og þeirra tillagna sem lagðar eru til í frumvarpinu, einkum hvað viðvíkur nauðsyn þess að láta verknaði þá sem tillagan nær til beinast að „kynlífsþjónustu af nokkru tagi“, sbr. 1. mgr. 206. gr., vændi „eða aðra kynlífsþjónustu“, sbr. 2. mgr., „hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði“, sbr. 3. mgr., og „kynlífsþjónustu sem aðrir veita“, sbr. 4. mgr. Í þessu sambandi telur nefndin rétt að leggja á það áherslu að með lögum nr. 40/2003 var nýrri 227. gr. a bætt við almenn hegningarlög en þar er lögð refsing við mansali. Samkvæmt upphafsmásl. þess ákvæðis er það grunnskilyrði refsíabyrgðar að þeir verknaðir sem lýst er í 1. og 2. tl., m.a. flutningur manns, séu framdir „í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega“. Í ljósi þessa telur refsiréttarnefnd að löggjafinn hafi nú þegar tekið tillit til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á alþjóðavettvangi sem hafi það að markmiði að sporna gegn „smygli á manneskjum“ í kynferðislegum tilgangi. Að þessu virtu fær nefndin ekki séð að tilvísun greinargerðarinnar til alþjóðlegrar samvinnu um aðgerðir gegn mansali styðji þær tillögur til frekari breytinga á almennum hegningarlögum sem hér eru lagðar til a.m.k. þar til reynsla fæst um framkvæmd nýmælis 227. gr. a. Auk þess telur refsiréttarnefnd rétt að ítreka að ekki verður séð að rökræn tengsl séu á milli þeirra markmiða sem aðgerðir gegn mansali er ætlað að ná í ljósi eðlis slíkra athafna og þeirra tillagna sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Í því sambandi bendir refsiréttarnefnd á að fullyrðing greinargerðarinnar um að sú athöfn að „kaupa kynlíf og kynlífsþjónustu“ teljist „gróf valdbeiting, kynferðislegt ofbeldi“ verður að mati nefndarinnar ekki dregin af lýsingu á mansali einni og sér, eins og gert er í greinargerðinni, án þess að nefndin telji ástæðu til að draga í efa að afleiðingar vændis geti í sumum tilvikum verið skilgreindar með þeim hætti.

Breytingar á refsilöggjöf í öðrum ríkjum kunna í ýmsum tilvikum að veita vísbendingar um leiðir sem einnig er rétt að fara annars staðar. Það er hins vegar eðli innlendar refsilöggjafar að mat á nauðsyn þess að leggja til nýmæli, einkum á þeim sviðum þar sem refsíákvæði er í nánnum tengslum við sjónarmið um siðferðilega breytni manna, verður fyrst og fremst að taka mið af ríkjandi þjóðfélagsviðhorfum og aðstæðum í viðkomandi ríki. Í frumvarpi því sem hér um ræðir er lögð nokkur áhersla á það að með því sé verið að fara að dæmi Svía og gerð tillaga um að innleiða „sænsku leiðina“ sem geri ráð fyrir

Því að „ábyrgðin sé flutt af herðum þess sem selur líkama sinn yfir á herðar þess sem býr til eftirspurnina“. Í greinargerðinni er ekki vikið að aðdraganda þess að sænsku lögin frá 1999 voru sett eða hinu lagalega, réttarpólítiska eða félagslega samhengi þeirra. Fyrir liggur að „sænska leiðin“ hefur ekki verið farin á öðrum Norðurlöndum enda þótt nokkur umræða hafi átt sér stað um hana. Refsiréttarnefnd telur það ekki hlutverk sitt að leggja mat á það hvort þau félagsfræðilegu eða afbrotufræðilegu rök og ástæður sem lágu til grundvallar „sænsku leiðinni“ eigi einnig við hér á landi. Nefndin telur hins vegar sem fyrr ástæðu til að minna á nauðsyn þess að í greinargerð með frumvarpi til breytinga á íslenskri refsilöggjöf, þar sem verulega er tekið mið af löggjöf annars ríkis, sé gerður fullnægjandi reki að því að lýsa þeirri fyrirmynd sem höfð sé að leiðarljósi. Þá telur refsiréttarnefnd ástæðu til að nefna að þar sem umrædd löggjöf í Svíþjóð er um margt annars eðlis en þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, t.d. hvað varðar framsetningu hennar í sérrefsilöggjöf, refsitenging og refsihámark fangelsis, telur nefndin þörf á því að rökstudd sé í greinargerð ástæða þess að önnur leið sé farin hér á landi hvað þessi atriði varðar.

Refsiréttarnefnd ítrekar að það er ekki hlutverk hennar að taka afstöðu til þess hvaða leið skuli valin þegar metið er hvort refsa eigi fyrir vandi og þá hvort aðeins eigi að refsa þeim sem kaupir slíka „þjónustu“ eða/og „seljanda“ hennar eða hvorugum. Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum er það hins vegar almenn afstaða nefndarinnar að ekki séu í frumvarpi þessu færð fram nægjanlega haldbær rök fyrir þeim tillögum til breytinga á 206. gr. hgl. sem lagðar eru til.

II.

Í greinargerð með frumvarpinu eru ekki settar fram skýringar við einstök ákvæði. Refsiréttarnefnd leggur á það áherslu að almennt verður að ganga út frá því að það sé í betra samræmi við grundvallarregluna um lögbundnar refsheimildir að afstaða löggjafans til einstakra refsíákvæða og inntaks þeirra sé eins skýrt og kostur er. Í því sambandi skipta greinargerðir með frumvörpum hvað mestu máli. Þegar svo við bætist að lagðar eru til grundvallarbreytingar á gildandi refsilöggjöf þar sem notast er við matskennd hugtök, eins og í þessu tilviki, telur nefndin nauðsynlegt að hugað verði að því að setja fram skýringar um einstök ákvæði frumvarpsins í greinargerð.

Refsiréttarnefnd telur ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins:

Ákvæði 1. mgr. 206. gr.

Af 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, leiðir að refsíákvæði verða að uppfylla ákveðnar kröfur um skýrleika til að teljast stjórnskipulega fullnægjandi refsheimildir, sbr. til hliðsjónar Hrd. 2000:280 og Hrd. 3. apríl 2003 í máli nr. 449/2002. Verknáðarlýsingar í refsíákvæðum mega því ekki vera of almennt orðaðar og óljósar þannig að ekki verði ráðið með góðu móti af lestri texta þeirra hvaða háttsemi telst refsínæm. Það er afstaða refsiréttarnefndar að það sé vafi á því að orðalag 1. mgr. 206. gr. frumvarpsins samrýmist

framangreindum kröfum um skýrleika refsheimilda. Sami vandi er til staðar í 3.-5. mgr. 206. gr. eins og síðar verður nánar vikið að.

Refsiréttarnefnd telur þá afmörkun á verknaðarlýsingu 1. mgr. 206. gr. hgl. sem felst í orðunum „kynlífsþjónustu af nokkru tagi“ ekki nothæfa sem lýsingu á hlutrænu skilyrði refsíabyrgðar, a.m.k. án nánari skýrgreiningar í greinargerð. Orðið „kynlífsþjónusta“ á sér ekki skírskotun í íslensku lagamáli, dómaframkvæmd, eða almennri málvitund auk þess sem mögulegum ytri mörkum þess er nánast eytt með orðalaginu „af nokkru tagi“.

Í 1. mgr. 206. gr. er gert ráð fyrir því að fullframningarstig verknaðarins verði miðað við „greiðslu“. Refsiréttarnefnd bendir á að eðlileg túlkun þessa orðalags miðast við að brot teljist fullframið við þá hlutrænu athöfn „að greiða“ fyrir umrædda þjónustu en ekki t.d. þegar greiðslu hefur verið „lofað“, sbr. til hliðsjónar 109. gr. hgl. Þá kann það að valda vafa hvort umrædd greiðsla geti verið í öðru formi en með beinni fjárgreiðslu og þá hvort „greiðslan“ gæti tekið til þess sem móttakandi telur fela í sér „ávinning“ fyrir hann, hvort sem um fjárverðmæti er að ræða eða ekki, sbr. til hliðsjónar 109. og 128. gr. hgl.

Refsiréttarnefnd ítrekar að lögð er til grundvallarbreyting á 1. mgr. 206. gr. hgl. sem felur í sér að hin refsínæma háttsemi breytist frá því að vera lýsing á nokkuð viðvarandi ástandi með fjölda einstakra verknaða, sbr. orðalagið „til framfærslu“, til þess að einn ákveðinn verknaður nægi til refsíabyrgðar sem miðast við kaupanda þjónustunnar. Refsiréttarnefnd fær ekki séð að án frekari forsendna sé rökrétt að miða hér við sömu refsímörk fangelsis og lögð eru til grundvallar í núgildandi 1. mgr. 206. gr. hgl., auk þess sem ekki sé gert ráð fyrir að heimilt sé að beita sektum. Nefndin minnir á að fyrirmynd 1. mgr. 206. gr. frumvarpsins er ákvæði í sænskum lögum frá 1999 þar sem gert er ráð fyrir því að heimilt sé að beita sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum fyrir greiðslu á kynlífsþjónustu.

Ákvæði 2. mgr. 206. gr.

Refsiréttarnefnd telur ekki ástæðu til athugasemda við það að hugtakið „vændi“ komi í staðinn fyrir „lauslæti“ í núgildandi ákvæði. Á hinn bóginn bendir nefndin á að orðalagið „hver sem hefur tekjur af milligöngu“ felur í sér verulega rýmkun frá verknaðarlýsingu núgildandi ákvæðis („atvinnu eða viðurværi sitt af“ lauslæti annarra). Með því að nota orðalagið „af milligöngu“ um vændi annarra í 2. mgr. 206. gr. verður ekki séð hvernig verknaðarlýsing ákvæðisins getur talist nægjanlega sjálfstæð gagnvart verknaðarlýsingu 4. mgr. 206. gr. frumvarpsins þar sem lýst er sem refsiverðu að hafa „tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita“, s.s. með útleigu húsnæðis eða „á annan hátt“. Ekki verður séð að orðalagið „á annan hátt“ útiloki að viðkomandi hafi tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita með „milligöngu“. Þar sem almenn refsímörk 2. mgr. 206. gr. hgl. og 4. mgr. sömu greinar eru þau sömu, enda þótt gert sé ráð fyrir lægri refsingu ef málsbætur eru, fær nefndin vart séð hvaða sjálfstæðu þýðingu 2. mgr. 206. gr. hefði sem refsíákvæði eins og frumvarpið er úr garði gert. Nefndin bendir á að aðgreining 2. mgr. og 4. mgr. 206. gr. hgl. í núgildandi lögum er byggð á því hlutræna skilyrði fyrrnefnda ákvæðisins að gerandi hafi „atvinnu eða viðurværi sitt“ af lauslæti annarra en 4. mgr. lýsir aðeins að viðkomandi geri slíkt lauslæti að „tekjulind“.

Refsiréttarnefnd bendir á að tillaga 2. mgr. 206. gr. virðist gera ráð fyrir því að eitt tilvik „milligöngu“ um vændi annarra, sem leiði af sér tekjur fyrir þann sem hana framkvæmir, nægi til refsíabyrgðar án þess að það hafi áhrif á þau refsímörk sem nú er beitt fyrir eðlisólíkan verknað, þ.e. að hafa slíkt að „atvinnu“ sinni eða „viðurværi“, sbr. nógildandi 1. mgr. 206. gr. hgl.

Ákvæði 3. mgr. 206. gr.

Refsiréttarnefnd telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá tillögu að breyta orðinu „ungmenni“ í „barn“ enda í betra samræmi við hugtakanotkun barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Að því er varðar hins vegar orðalagið „eða aðra kynlífsþjónustu“ vísar nefndin til umfjöllunarinnar hér að framan um 1. mgr. 206. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda.

Ákvæði 4. mgr. 206. gr.

Refsiréttarnefnd bendir á að orðalagið að stuðla að því að „fólk sé flutt úr landi eða til landsins“ bendir til nauðungarverknaðar sem þegar kann að falla undir 227. gr. a hgl. um mansal, sbr. lög nr. 40/2003, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Þá er að mati nefndarinnar óheppilegt og ónákvæmt að notast við orðið „fólk“ í texta refsíakvæðis sem á augljóslega að veita einstaklingum refsivernd en ekki hópi einstaklinga. Að því er varðar orðalagið „hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði“ eiga hér við að breyttu breytanda sömu sjónarmið og rakin voru í umfjöllun refsiréttarnefndar um 1. mgr. 206. gr. frumvarpsins að framan.

Í 4. mgr. 206. gr. hgl. er aldurskilyrði nógildandi ákvæðis fellt niður og lögð til veruleg rýmkun á því hverjir geta talist brotþolar í merkingu ákvæðisins. Ekki skiptir lengur máli að viðkomandi hafi verið ókunnugt um tilgang fararinnar og er jafnvel lagt til grundvallar að samþykki manns fyrir slíkum flutningi hafi ekki áhrif á refsíabyrgð. Nefndin telur nauðsynlegt að fram komi skýringar á nauðsyn þess að slík leið sé valin ekki síst með tilliti til almennra sjónarmiða um áhrif samþykkis við mat því hvort refsíabyrgð hafi stofnast, sjá til hliðsjónar Jónatan Þórmundsson: Samþykki brotþola og réttaráhrif þess. Útljótur, 51. árg, 1998, bls. 465-473.

Ákvæði 5. mgr. 206. gr.


Í frumvarpinu er lagt til að orðalag nógildandi ákvæðis „eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind“ verði breytt í „hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita“. Um notkun orðsins „kynlífsþjónusta“ vísar refsiréttarnefnd til umfjöllunarinnar hér að framan um 1. mgr. 206. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda.

III.

Í greinargerð frumvarpsins er ekki vikið að því hvort og þá hvaða áhrif breytingar þær sem lagðar eru til kunní að hafa við framkvæmd refsivörslu, t.d. hvað varðar uppljóstran brota og sönnunaraðstöðu. Refsiréttarnefnd telur eins og fyrr greinir ástæðu til athugasemda við þá ályktun sem fram kemur í greinargerðinni um að erfitt hafi reynst í

framkvæmd að starfa eftir nógildandi ákvæðum að virtum þeim hugtökum sem nú eru notuð. Það er afstaða nefndarinnar að þær breytingar sem lagðar eru til kunni að valda nokkrum vandkvæðum við rannsókn mála, einkum þegar haft er í huga að notast er við harla óljós hugtök í verknaðarlýsingum. Þannig kann að vera nokkur vafi í ýmsum tilvikum að hverju rannsókn mála á að beinast og hvert nauðsynlegt umfang slíkra rannsókna á að vera í hverju tilviki. Nefndin telur einnig rétt að minna á að með tilliti til eðlis þessara mála hér á landi, eins og lýst er glögglega í umræddri skýrslu *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi*, kann að vera nokkuð örðugt að upplýsa um mál sem þessi þegar verknaðarlýsing beinist að einstökum kaupum á kynlífsþjónustu, s.s. vændi, en ekki nokkuð viðvarandi ástandi þar sem að jafnaði er um að ræða fjölda einstakra verknaða, sbr. nógildandi ákvæði 1. mgr. 206. gr. hgl. um ástundun vændis til framfærslu. Þá kunna margvíslegir sönnunarerfiðleikar að vera til staðar í slíkum tilvikum og telur refsiréttarnefnd í því sambandi rétt að taka fram að hún telur órökrétt að ætla að „seljendur“ hvers konar kynlífsþjónustu verði fúsir til að veita lögreglu liðsinni í slíkum tilvikum.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 130/434
komudagur 3.12.2003

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 2. desember 2003


Tilvísun: 2003110042
091.1

Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Ríkislögreglustjóra um 38. þingmál, frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 - vændi.

Mikil umræða hefur orðið í þjóðfélaginu undanfarið um ofangreint frumvarp og hafa komið fram ólík sjónarmið um hvaða leiðir séu vænlegastar til að taka á þeim samfélagslega vanda sem vændi vissulega er. Hefur komið í ljós í þessari umræðu að margt þarfnast nánari skoðunar áður en endanleg afstaða verður tekin til þess hvernig best sé að haga lögum um þetta efni hér á landi. Með hliðsjón af því sem fram hefur komið í þessari umræðu er það álit Ríkislögreglustjóra að ekki sé ljóst hvort að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu sé sú rétta til að taka á vandanum og því ekki tímabært að gera þær breytingar á lögnum sem þar eru lagðar til. Umdeilt er hvernig "sænska leiðin" sem lögð er til í frumvarpinu hefur reynst þar í landi og auk þess er ekki víst að leiðir sem henta til að taka á þessum vanda í öðrum löndum henti til þess hér á landi. Leggur Ríkislögreglustjóri því til að frumvarpið verði ekki gert að lögum að svo stöddu, en leggur áherslu á mikilvægi þess að þeirri umræðu sem frumvarp þetta hefur skapað í þjóðfélaginu að undanfögnu verði fram haldið.

F.h. Ríkislögreglustjóra



Björn Þorvaldsson, lögl. fulltr.

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 130/359
komudagur 27. 11. 2003

BN/jhb
B.1244/2003.

Reykjavík 26. nóvember 2003.

Borist hefur til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 38. mál.

Ríkissaksóknari getur ekki mælt með samþykki frumvarpsins eins og það liggur fyrir en álitur að tímabært sé að endurskoða efni 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telur ríkissaksóknari að þeirri endurskoðun verði best komið fyrir hjá Refsiréttarnefnd.

Tekið er undir þá tillögu sem felst í frumvarpinu að vændi verði refsilaust.

Efast er um að rétt sé að gera kaup á kynlífsþjónustu eða vændi refsiverða háttsemi en að öðru leyti þykja þær breytingar á 206. gr. sem felast í frumvarpinu ekki nægilega skýrar.

Ástæða þykir til að minna á, þótt fram komi beint eða óbeint í greinargerð með frumvarpinu, að „sænska leiðin” er fest í sérlög og geta refsingar við brotum á þeim lögum numið sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Bent er á að efni 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins og efni 227. gr. a. gildandi hegningarlaga um mansal kann að skarast.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík
24.nóvember 2003

v/130. löggjafarþing
v/Þskj. 38 – 38. mál

Umsögn um Frumvarp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

UMSÖGN

Samtök um kvennaathvarf lýsa fullum stuðningi við frumvarpið og hvetja eindregið til að það verði samþykkt.

GREINARGERÐ MEÐ UMSÖGN

Það er ánægjuefni að sú hugmyndafræði sem þetta frumvarp byggir á hafi náð ströndum landsins og eins víðtækri samstöðu og raun ber vitni. Hugmyndafræðin gengur út á það að ekki sé hægt að versla með fólk eins og hverja aðra vöru og að ábyrgðin á hvers konar ofbeldi skuli vera hjá réttum aðilum. Mannslíkaminn er ekki söluvara og því eru marklaus þau rök sem líkja líkama fólks við eiturlyf eða jafnvel áfengi.

1. mgr.

Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af nokkru tagi skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Til að geta tekið afstöðu til þessarar málsgreinar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvar valdið liggur í viðskiptum með líkama. Fjöldi skýrslna, innlendar sem erlendar, hafa sannað að konur jafnt sem karlar selja aðgang að líkama sínum vegna neyðar. Það er enginn sem tekur meðvitaða ákvörðun á unga aldri um að gerast vændiskona eða -karl. Það fylgir því ekkert vald að selja líkama sinn heldur mun frekar afsal valds yfir sjálfum sér. Sá sem tekur ákvörðun um að kaupa aðra manneskju hefur hins vegar vald sem felst í vali um að kaupa aðra manneskju og fjárráðum til að gera það.

Þessar forsendur hafa sjaldan verið dregnar í efa þó einhverjir vilji enn halda á lofti hugmyndinni um hina hamingjusömu hóru, en allt bendir til þess að hún sé torfundin. Ef fólk er sammála um að vændi sé stundað úr neyð en ekki sem hver önnur atvinnugrein er augljóst að ábyrgðin liggur hjá kaupendunum en ekki þeim sem afsala líkamanum fyrir peninga. Að refsfa fólki fyrir að selja líkama sinn er eins og að refsfa fórnarlömbum í ofbeldismálum.

2. mgr.

Hver sem hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

3. mgr.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu.

Reynsla okkar í Kvennaathvarfinu af starfi með konum sem hafa selt líkama sinn ýtir undir þá bjargföstu trú að þeim skuli ekki refsfað heldur frekar kaupendunum og milligöngumönnunum. Enginn ráðgjafi getur lagt til aðvændiskona eða -karl leiti til lögregluþyrvalda og ljóstri upp um milligöngumennina fyrr en sekt þeirra verður

afnumin. Það er því forsenda þess að hægt sé að uppræta skipulagða vændisstarfsemi að konur og karlar í vændi eigi ekki yfir höfði sér ákæru fyrir að ljóstra upp um kvalara sína.

Samkvæmt skýrslu dómsmálaráðuneytisins um vændi og félagslegt umhverfi þess frá 2001, kemur fram að skipulagt vændi er stundað hér á landi. Það má meðal annars finna í gegnum nektardansstaði, vændishús og nú síðast erótískar nuddstofur. Það hlýtur að vera metnaðarmál að ná höndum yfir þá sem nýta sér neyð annarra á þennan hátt og forsendan til að svo megi verða er sú að þeir sem stunda vændi hafi stöðu vitnis í slíkum málum.

4. mgr.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði, hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

5. mgr.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita, svo sem með útleigu húsnæðis eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.


Nú þegar hafa Íslensk yfirvöld og félagasamtök orðið áþreifanlega vör við neikvæðar hliðar alþjóðavæðingarinnar, ein af þeim er mansal. Verkfærið sem hefur gefist hvað best í baráttunni gegn því er einmitt sú breyting á löggjöfni sem hér er lögð til, þ.e. sænska leiðin. Það hefur sýnt sig að þeir sem flytja fólk milli landa til starfa í klám- eða kynlífsiðnaði sniðganga Svíþjóð vegna laganna sem þar eru í gildi. Þar sem mansal er orðið að veruleika hér á landi höfum við nú einstakt tækifæri til að vinna á því áður en það er orðið að stærra vandamáli með því að samþykkja frumvarpið um vændi.

Bent er á nýja skýrslu: „Kynlífsmarkaður í mótun“ gefna út af Reykjavíkurborg árið 2003, en þar kemur fram hvernig eitt svið kynlífsiðnaðarins ýtir undir annað. Þeir sem stunda vændi eða gera út vændiskonur og –menn, auglýsa í klámblöðum, dagblöðum og á netinu. Á símatorgum er einnig hægt að nálgast vændi, og aðilar sem reka erótíska nuddstofu gefa út tímarit meðal annars til að auglýsa starfsemi sína. Búðir sem selja klámspólur benda á nuddstofur og sömuleiðis er það gert á nektardansstöðum. Það er því ekki hægt að taka eitt svið kláms- og kynlífsiðnaðarins út og vinna á því, heldur verður að skoða samhengi hlutanna og heildarmyndina.

Þau rök hafa verið notuð að með boðum og bönnum á kynlífsmarkaðnum muni starfsemin færast neðanjarðar, en eðli hennar er slíkt að ólíklegt er að það gerist. Þessi starfsemi verður að geta auglýst sig til að vera útbreidd og þannig verður hluti hennar alltaf á yfirborðinu. Ef þessum lögum fylgir fjármagn til aukinnar löggæslu og fræðslu til lögreglunnar er hægt að taka á kynlífsmarkaðnum í heild sinni til að uppræta vændi.

Við hvetjum eindregið til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi
Erindi nr. P 130/2457
komudagur 18. 5. 2004



Til allsherjarnefndar
Frá Guðrúnu Jónsdóttur (Rúnu) talskonu Stígamóta

Reykjavík 16.5.2004

Svör við nokkrum fyrirspurnum frá allsherjarnefnd vegna vændisfrumvarpsins

Ég var beðin um að senda skrifleg svör við þeim spurningum sem þingmenn allsherjarnefndar beindu til mín, Guðrúnar Agnarisdóttur og Katrínar Önnu á fundi með nefndinni fyrir nokkru. Ég tók að mér að svara fyrir hönd okkar þriggja en á eigin ábyrgð. Hér koma svör við nokkrum spurningum:

Ekki verður skilið á milli vændis og mansals

Það er engin tilviljun að frumvarp um að gera kaup á vændi refsiverð hefur með vaxandi stuðningi verið lagt fram á Alþingi nokkur undanfarin ár. Á örfáum árum hefur hvers kyns klámiðnaður og mansal vaxið með ógnarhraða í kjölfarið á alþjóðavæðingu og vegna misskiptingar á lifsgæðum í heiminum. Samtímis hefur skapast eins konar sljóleiki fyrir því hvað er á ferðinni. Þessi glæpastarfsemi virðir engin landamæri og hefur teygta anga sína til Íslands eins og þekkt er.

Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra lýsti fyrir skömmu megnri andstyggð sinni á mansali og einbeittum vilja til þess að stöðva það. Sólveig Pétursdóttir gerði hið sama í sinni tíð sem dómsmálaráðherra. Bæði hafa þau rætt um hversu ógnarstór hópur kvenna er seldur mansali á hverju ári og hversu miklar fjárhæðir það færir alþjóðlegum skipulögðum glæpasamtökum. Flestir hljóta að taka undir áhyggjur þeirra. En til þess að finna lausnir á vandanum, þurfa rætur hans að vera þekktar. Forsendan fyrir því að svo margar konur eru seldar meira eða minna nauðugar í vændisiðnaðinn á Vesturlöndum og ástæða þess að glæpasamtök sem fram að þessu hafa hagnast á vopnasmygli og vímuefnasölu snúa sér nú að því að selja konur, er að eftirspurnin eftir vændi er mikil og vaxandi. Það er óþægilegt en nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd að kaupendurnir eru vestrænir karlar sem með kaupunum viðhalda glæpastarfseminni. Gleymum því ekki að fyrir hverja konu sem gengur kaupum og sölum þarf marga vændiskaupendur ef salan á að skila arði.

Það þarf ekki sérfræðinga til þess að sjá að mjög erfitt er að skilja á milli hefðbundins vændis og mansals, enda mörkin oft mjög óljós. Eina leiðin til þess að spyrna við mansali er því að gera það sem hægt er til þess að stöðva vændi.

Um táknrænt gildi laganna

Formaður allsherjarnefndar spurði hvort okkur þætti gildi breyttra vændisлага felast fyrst og fremst í táknrænu gildi þeirra. Íslensk lög hljóta að hafa margþætta þýðingu. Þau eiga m.a. að vera mælikvarði á hvað teljist rétt og rangt í okkar samfélagi. Þau geta jafnframt haft fælandi áhrif og það hlýtur að vera metnaðarmál að þau endurspegli þá þekkingu sem þjóðin býr yfir á hverjum tíma.

Við sem hvetjum til þess að bannað verði að kaupa vændi gerum okkur fulla grein fyrir því að íslensk fangelsi munu ekki fyllast af vændis kaupendum. Forsendan fyrir vændis kaupum er að kaupendum sé tryggð viðskiptaleynd. Kaupin fara því ekki fram á torgum heldur eru þau dulbúin á ýmsa vegu, m.a. er netið kjörin vettvangur fyrir slíka verslun. Auk þessa er erfitt að sanna að kaup á vændi hafi farið fram þar sem vitni eru oftast engin. Það er því m.a. háð vilja yfirvalda hverju sinni og frumkvæði laganna varða hvert gildi laganna verður. En jafnvel þó erfitt verði að fylgja lögunum eftir má það ekki leiða til uppgjafar. Íslensk lög eiga að mínu mati að ná yfir hvers kyns ofbeldi og misnotkun á fólki, þar á meðal yfir kaupendum á vændi.

Vændi snýst um mun meira en félagsleg vandamál.

Ein af spurningum allsherjarnefndarmanna var hvort vændi væri ekki afleiðing félagslegra aðstæðna kvenna og hvort ekki væri rétt að bregast við því sem slíku. Það verður ekki ítrekað nógu oft að það finnst engin einföld leið til þess að stöðva vændi og mansal. Það þarf að sjálfsögðu boðleg úrræði fyrir þær stúlkur sem þegar eru í vændi. Það þarf að vinna fyrirbyggjandi starf til þess að stúlkum í áhættuhópum verði forðað frá því að hrekjast út í vændi. Það þarf að stöðva kynferðisofbeldi, en ljóst er að 60-90% þeirra sem stunda vændi hafa verið beitt grófu kynferðisofbeldi áður. Það þarf að útrýma fátækt sem er meðvirkandi áhrifavaldur. Það þarf að hafa uppi öflugar varnir gegn vímuefnanotkun, en hún kemur oft við sögu í vændismálum. Það þarf að jafna lífskjör á milli ríkra og fátækra ríkja til þess að stúlkur séu ekki seldar á milli landa. Eitt af því mikilvægasta er þó vitundarvakning á meðal þjóðarinnar um að á Íslandi eigi hvorki konur né unglingar að vera til sölu. Þjóðin þarf að skilja að vændi er kynferðisofbeldi gegn þeim konum sem í hlut eiga. Það þarf að aflétta þeirri sök á konum sem íslensk lög gera ráð fyrir og það þarf að setja ábyrgðina þar sem hún á heima, hjá kaupendum.

Um aldur fólks í vændi

Ein af spurningunum fjallaði um aldur fólks í vændi. Stígamót hafa ekki frekar en nokkur annar yfirsýn yfir vændi á Íslandi. Á síðasta ári voru 31 einstaklingur í viðtölum hjá okkur vegna vændis, þar af komu 10 í fyrsta skipti á árinu. Samkvæmt tölum síðasta árs var aldur þess fólks á bilinu 17 – 44 ára. Flest voru á aldursbilinu 20-30 ára. Svipaða sögu er að segja frá fyrri árum.

Vændi getur ekki talist atvinna heldur felst í því niðurlæging og ofbeldi.

Samkvæmt rannsókn CATW (Coalition against Trafficking in Women) á viðhorfi kvenna í vændi, kom í ljós að ómögulegt er að segja að konur velji sér vændi sem atvinnugrein. Þær leiðast út í það vegna skorts á raunverulegu vali og því er vændi fyrst og fremst leið til þess að lifa af. Engin af þeim konum sem rannsóknin náði til gat hugsað sér að börn hennar, systur eða vinkonur legðu fyrir sig vændi.

Vændisíðnaðurinn er háður goðsögninni um hina hamingjusömu vændiskonu. Ósannindi eru því óaðskiljanlegur hluti vændisins og konurnar sem eiga í hlut segjast njóta þess sem kaupandanum þóknast að gera við þær, óháð því hvað þeim finnst um það. Hvernig á kaupandi að vita hverjar eru seldar mansali og hverjar ekki? Eða hverjar eru hinar raunverulega hamingjusömu vændiskonur? Samkv. myndinni Lilja 4-ever sem flestir þingmenn sáu fyrir tveimur árum síðan og samkv. skjólstæðingum Stígamóta virðast kaupendurnir kæra sig kollótta um bakgrunn og aðstæður þeirra sem þeir kaupa.

Í fimm landa rannsókn sem Janice Raymond gerði um konur í vændi árið 2002, kom í ljós að af 146 konum sem talað var við, höfðu 80% verið bættar líkamlegu ofbeldi af bæði kaupendum og pimpum. Ofbeldið var sjálfsagður hluti af vændinu og pimpar notuðu ofbeldi bæði til þess að þvinga konur í vændi, til þess að refsa þeim og tryggja hlýðni þeirra.

Þessar niðurstöður eru í fullu samræmi við lýsingar þeirra kvenna sem leitað hafa til Stígamóta vegna vændis á undanförunum árum. Vald pimpanna virðist slíkt að þær kæra þá ekki þó líf liggi við.

Hættan á að vændi verði faldara ef kaupin verða bönnuð?

Ein af vangavelturnum í allsherjarnefnd var hvort konur yrðu ekki ennþá óvarðari og vændið faldara ef kaup væru gerð refsiverð. Mitt mat er að vændi muni alltaf ”mara í kafi”. Kaupendur þurfa að vera vissir um að fjölskylda, vinnuveitendur og aðrir viti ekki um iðju þeirra, burt séð frá því hvort kaupin eru lögleg eður ei. Þess vegna fer vændi oftast fram á stöðum með leynilegu heimilisfangi, eða því er pakkað í þekkilegri umbúðir eins og t.d. einkadans, nektardans, nudd eða fylgdarþjónustu. Auglýsingar eru í blöðum eða á netinu o.s.frv. Þróun í tækni og hugmyndaauðgi við að tryggja leyndina hefur orðið til þess að vændi er þegar orðið mjög leynt og víst að enginn hefur yfirsýn yfir það á Íslandi. Jafnframt er vert að minna á að það getur aldrei orðið svo leynt að kaupendur geti ekki nálgast það.

Því hefur verið haldið fram að séu kaupin gerð refsiverð muni ofbeldi gegn konunum aukast og þær myndu ekki voga sér að kæra það. Mér vitanlega hefur engin kona í vændi kært ofbeldið sem hún hefur verið beitt. Samkv. upplýsingum frá PRO sentrinu í Noregi sem rannsakar vændi, eru konur í vændi beittar grófu ofbeldi af kaupendum að meðaltali einu sinni í viku. Skýrsla frá Utekontakten í Bergen í Noregi sýnir mikið ofbeldi gegn konum í vændi og að fara þurfi yfir háan þröskuld til þess að konurnar kannist við ofbeldið og kæri það.


Að lokum

Ég vil þakka allsherjarnefnd fyrir að veita mér tækifæri til þess að koma á framfæri sjónarmiðum okkar Stígamótakvæna í þessu máli. Ég minni á að það er okkur og 13 öðrum kvennasamtökum hjartans mál að þetta mál verði samþykkt. Ég veit að þingmenn eru orðnir uppgefnir í lokatörninni en þið eigið möguleika á að vinna þjóðþrifaverk með því að samþykkja að gera kaup á vændi refsiverð. Ég skora á ykkur að nýta þann möguleika og óska ykkur að lokum gleðilegs sumars.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir (Rúna)

Alþingi
Erindi nr. P 130/276
komudagur 24.11.2003



Til allsherjarnefndar alþingis
Frá Stígamótum

Reykjavík 18.11.03

Umsögn um vændisfrumvarpið – 38. mál

Stígamótakonur fagna framkomnu frumvarpi um vændi sem nú er lagt fram í fimmta sinn. Það er alkunna hver afstaða Stígamóta er til þessa máls. Við höfum beitt okkur eftir föngum í þeirri umræðu og vitundarvakningu sem átt hefur sér stað hér á landi. Umræðan hefur orðið æ upplýstari og fleiri og fleiri aðilar hafa látið sig málið varða. Flest rök virðast komin fram í málinu og við lýsum mikilli ánægju með þann stuðning sem málið hefur hlotið bæði innan þings sem utan.

Það er einstaklega ánægjulegt að þverpólitísk samstaða hefur náðst innan þings og ekki síður ánægjulegt að 14 kvennasamtök og stofnanir sem láta sig málefni kynjanna varða hafa tekið höndum saman um að beita sér í málinu. Má þar nefna auk Stígamóta öll fjölmennustu kvennasamtökin eins og Kvenfélagasambandið, Kvenréttindafélagið, Feministafélagið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfina, V-dagssamtökin, Neyðarmóttökuna, Kvennakirkjuna, Veru, Brieti – félag ungra femimista, Félag kvenna í læknastétt, Unifem á Íslandi, Landssamband framsóknarkvenna. Að auki vil ég nefna sérstaklega stuðninginn sem falist hefur í mörgum leiðurum Morgunblaðsins á undanförmum árum.

Um afstöðu Stígamóta

Það er ekki að ástæðulausu að Stígamót hafa beitt sér í þessu máli. Málið er okkur skylt þar sem okkur hefur lærst í gegnum árin að vændi og hvers konar önnur verslun með líkama er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis. Fyrst og fremst höfum við lært af þeim konum sem til okkar hafa leitað. Fyrstu 11 mánuði þessa árs höfðu leitað til okkar 18 manns vegna vændis og kláms. Þar af 16 konur, en líka tveir ungir karlar. Af þessum 18 voru 9 að leita sér hjálpar í fyrsta skipti önnur 9 höfðu verið í sambandi við okkur á fyrri árum.

En við höfum líka markvisst leitað okkur þekkingar og leitast við að fræða aðra um vændi. Þannig hafa komið hingað í boði Stígamóta margir virtir sérfræðingar.

Dr. Diana E. Russel kom hingað 2001, en hún hefur skrifað mikið um klám og vændi
Dr. Janice Raymond frá Coalition Against Trafficking in Women, heimsþekkt fræðikona sem hefur haft mikil áhrif víða um heim.

Dorit Otzen forseti alþjóðasamtakanna International abolitionist Federation en hún hefur í áratugi stýrt Hreiðrinu í Kaupmannahöfn sem er athvarf fyrir vændiskonur. Dorit hefur

Stígamót

Vesturgötu 3 • 101 Reykjavík
Símar: 562-6868 og 800 6868 • Bréfsími: 562-6857

Veffang: www.stigamot.is
Netfang: stigamot@stigamot.is

Banki: 101-26-36549
Kt. 620190-1449

bæði haldið námskeið fyrir starfskonur Stígamóta og tvisvar haldið opinbera fyrirlestra um vændi.

Gunilla Ekberg ráðgjafi sænsku ríkisstjórnarinnar um verslun með konur, hefur þrisvar flutt fyrirlestra á vegum Stígamóta

Louise Eek doktornemi og rithöfundur sem skrifað hefur bókina *Spelat liv um líf sitt í vændi*

Margareta Winberg þáverandi varaforsetisráðherra og jafnréttisráðherra Svíþjóðar
Thomas Ekman yfirmaður teymisins gegn vændi og verslun með konur innan lögreglunnar í Gautaborg.

Að auki má nefna að á vegum Stígamóta og ENATW var haldið hér Evrópumálþing í júní undir yfirskriftinni; “Combating trafficking, best practices at European level” þar sem sérfræðingar víðsvegar að úr Evrópu greindu frá því sem best hefði tekist til í þeirra heimalöndum í baráttunni gegn verslun með konur.

Stígamótakonur hafa farið í námsferðir til nágrannalandsanna og tekið þátt í norrænu, evrópu- og alþjóðasamstarfi um þennan málaflokk. Má nefna að Stígamót ásamt Ítölum og Belgum stýra Evrópuverkefni sem felst í því að mynda Evrópusamtök gegn vændi og verslun með konur. (European Network Against Trafficking in Women) Til verkefnisins fengust 35 milljónir króna frá Evrópusambandinu.

Stígamót hafa staðið að mörgum ráðstefnum og samstarfsverkefnum, framleitt veggspjöld og auglýsingar og tekið þátt í fjölmiðlaumræðu eftir megni til þess að skapa vitundarvakningu um hvers kyns verslun með konur.

Vændi er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis

Þegar skyggst er á bakvið goðsögnina um hina hamingjusömu vændiskonu blasir við núturlegur veruleiki þeirra kvenna sem leiðst hafa út í vændi. Val þeirra hefur fyrst og fremst stafað af skorti á valmöguleikum. Þær konur sem leitað hafa til Stígamóta hafa oftast misst stjórnina yfir því hver selur þær, hverjum og til hvers. Á síðustu árum hafa einnig leitað til okkar karlar sem á unglingsaldri seldu sig vegna fíkniefnaneyslu og er staða þeirra ekki ólík stöðu vændiskvennanna.

Tengsl ofbeldis og vændis eru margslungin. Ýmsar rannsóknir sýna að 65-85% þeirra kvenna sem stunda vændi eiga sögu um fyrra kynferðisofbeldi. Í sjálfu vændinu felst ofbeldi þegar konur eða þeir sem gera þær út selja hverjum sem er kynferðislegan aðgang að líkama þeirra og sjálf athöfnin fer fram á forsendum kaupandans. Oft er sagt að konur í vændi þjóni að meðaltali tíu körlum á dag, en auðvitað er það mjög misjafnt. Vændinu fylgir oft annað ofbeldi og má nefna að nauðganir, líkamlegt ofbeldi og morð eru mun tíðari meðal vændiskvenna en nokkurra annarra hópa kvenna. Einnig verður að nefna afleiðingar vændisins. Þær eru mjög sambærilegar við þær afleiðingar sem aðrir skjólstaðingar Stígamóta bera. Má þar nefna skömm, sektarkennd og lélega sjálfsmynd, svipmyndir, sjálfsmorðshugsanir og tilraunir, líkamlega kvilla eins og móðurlífsbólgur og kynsjúkdóma, þunglyndi auk eiturlyfjavanda.

Það er reynsla okkar hjá Stígamótum að nær allar þær konur sem til okkar leita lifi tvöföldu lífi. Þær nota nær alltaf önnur nöfn en sín eigin í tengslum við vændið og eru oft skelfingu lostnar við tilhugsunina um að fjölskyldan eða vinir viti um iðju þeirra. Þessi hegðun er í mikilli mótsögn við goðsögnina um hina hamingjusömu vændiskonu. Við höfum fleiri en eitt dæmi um konur sem opinberlega hafa lýst því yfir að þær séu ánægðar með aðstæður sínar og að þær hafi valið sér vændi sem starf vegna mikilla tekna og lítillar fyrirhafnar, en sem síðan hafa leitað til okkar í mikilli vanlíðan. Prófessor Francis Pascal einn af sérfræðingum evrópusamtakanna okkar líkir þessu tvöfalda lífi við andlega katastrofu. Konur í vændi hafa enga örugga leið til þess að þekkja úr þá karla sem gætu verið þeim beinlínis hættulegir. Þær eru því í stöðugri hættu sem veldur miklu álagi.

Oft heyrast þau rök að þær konur sem starfi í kynlífsiðnaði geri það af fúsum og frjálsum vilja og því beri að veita þeim góð starfsskilyrði og vernda rétt þeirra til þessarar iðju. Til sé bæði svokallað þvingað og frálst vændi. Það eru rökinn sem notuð eru í Hollandi. Vera má að einhver dæmi megi finna um slíkt, en “viðskiptavinir” kaupa sér þá þjónustu sem þeim dettur í hug án þess að velta fyrir sér hvað hafi leitt konur útí vændi. Frelsi þeirra sem mögulega “sjálfviljugar” selja kynlífsþjónustu og þeirra sem kaupa, kemur þá illilega niður á þeim fjölmörgu sem dreymir um að losna úr vændinu. Slíkt frelsi hlýtur að víkja fyrir hagsmunum þjóðfélagsins af því að útrýma vændi. Að öllu samanlögðu er ljóst að vændi er ekkert annað en kynferðisofbeldi og það er skylda okkar að bregðast við því sem slíku.

Hvers vegna eiga kaupendur að bera ábyrgð á vændi?

Það eru ekki meira en rúm tuttugu ár síðan kynferðisofbeldi komst á dagskrá á Íslandi. Fyrst með opnun Kvennaathvarfsins, síðar með tilkomu Kvennaráðgjafarinnar og Stígamóta. Eftir á að hyggja er það ótrúlegt að fram að þeim tíma hafi það legið nær algerlega í þagnargildi að u.þ.b. 15-25 % kvenna og barna byggju við kynferðislegt ofbeldi. Væntanlega finnst mörgum að nú sé þetta samfélagsmein upplýst.

Í rúm tuttugu ár hefur umræða um kynferðisofbeldi miðast við að ræða ofbeldið sjálf og þær konur og börn sem fyrir því verða. Í því sambandi má nefna að þegar vændi er til umræðu í sjónvarpi eða í blöðum fylgja umfjölluninni oft myndir af konum í vændi, og þess gætt að hugsanlegir “viðskiptavinir” þekkist ekki. En þetta er aðeins hluti af sannleikanum. Til þess að taka á vandanum og finna réttar lausnir þarf að miða við heildarmyndina.


Við þurfum að horfast í augu við að það er á valdi hugsanlegra ofbeldismanna hvort ofbeldi er framið eður ei. Á meðan ábyrgðin er ekki sett þar sem hún á heima munu þolendur ofbeldisins bera skömmina og sektarkenndina. Vændi snýst ekki bara um konurnar sem ganga kaupum og sölum og þá sem gera þær út. Það er í æpandi ósamræmi við þekkingu okkar að konur sem stunda vændi skuli vera sekar fyrir íslenskum lögum. Vændi snýst fyrst og fremst um þá sem láta sér sæma að kaupa konur. Þeirra er valdið og ábyrgðin. Það er grundvallaratriði að þessi skilningur rati inn í íslenska löggjöf.

Ástæða þess að Svíar státa af þeim framsýnustu lögum um kynferðisofbeldi sem við þekkjum er að þeir hafa samið sínar leikreglur í góðu samstarfi við þau kvennasamtök sem best þekkja til um kynferðisofbeldi og hafa tileinkað sér þessa hugmyndafræði.

Stigamótakonur láta öðrum eftir að ræða lagatæknileg atriði og útfærslu. Við viljum þó geta þess að okkur finnst það vera sammingsatriði hvort frumvarpið nær yfir hvers kyns kynlifsþjónustu eður ei og einnig finnst okkur refsingar megi lækka til samræmis við það sem gerist í Svíþjóð. Husanlegar breytingartillögur í þá veru að refsing nái til bæði kaupenda og seljanda þykja okkur hins vegar ekki koma til greina.

Við fögnum því innilega hversu breið samstaða hefur náðst um vændisfrumvarpið bæði innan þings og utan. Það er raunhæf von okkar að Ísland verði fyrst landa til þess að feta í fótspor Svía ef þingmenn bera gæfu til þess að skilja um hvað málið snýst. Gleyfum ekki að um 80% svía eru ánægð með vændislögin. Við skorum á þingmenn að taka höndum saman og sýna þá djörfung og dug að samþykkja vændisfrumvarpið.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Stigamóta



Guðrún Jónsdóttir (Rúna)

Fylgiskjal:
Áskorun 14 kvennasamtaka til alþingismanna

Reykjavík, 20. október 2003

Fylgisskijal m. vöndisfermu.

Virðulegi þingmaður.

Undirritaðir aðilar skora á þingmenn Íslendinga að setja lög á komandi þingi sem gera kaup á vændi ólögleg og aflétti jafnframt því að hægt sé að refsa konum/körlum í vændi. Vændi er ofbeldi og það á að kristallast í lögum okkar. Þess vegna ætti fremur að refsa þeim sem beita ofbeldinu, þ.e. kaupendunum, en ekki fórnarlömbunum sem neyðast til að selja aðgang að líkama sínum. Okkar skoðun er að eftirspurnin skapi markaðinn en ekki öfugt

Umfang og eðli klámiðnaðarins er orðið eitt helsta áhyggjuefni yfirvalda um allan heim. Ein leið til vamar er að gera kaup á vændi refsiverð. Það þarf skýr lög sem segja að verslun með fólk verði ekki liðin.

Stjórnvöld í Svíþjóð urðu fyrsta til þess í heiminum að gera kaup á vændi refsiverð, en um góðan árangur þeirrar lagasetningar er fjallað í meðfylgjandi greinargerð. Stjórnvöld í Finnlandi og Rússlandi ihuga að fylgja í fótspor þeirra.

Við leggjum eindregið til að íslensk stjórnvöld fari að fordæmi Svíþjóðar og geri kaup á vændi/kynlífsþjónustu refsiverð og aflétti refsíakvæðum fyrir sölu á vændi.

Briet Félag ungra feminista

Kvennaathvarfið

Feministafélag Íslands

Stígamót

Kvenfélagasamband Íslands

Timaritið Vera

Kvennakirkjan

Unifem á Íslandi

Kvennaráðgjöfin

Félag kvenna í læknastétt á Íslandi

Kvenréttindafélag Íslands

Landssamband framsóknarkvenna

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar

V-dagssamtökin

Greinargerð

Undirritaðir aðilar skora á þingmenn Íslendinga að setja lög á komandi þingi sem gera kaup á vændi ólögleg. Við skilgreinum vændi sem ofbeldi gegn konum. Þær konur sem stunda vændi eru þar ekki af fúsum og frjálsum vilja heldur út af neyð, engin kona velur sér meðvitað það hlutskipti að gerast vændiskona.

Umfang og eðli klámiðnaðarins er orðið eitt helsta áhyggjuefni yfirvalda um allan heim. Á undanförmum árum hefur mikil umræða átt sér stað um mansal og þrælahald sem tengist kynlífsiðnaðinum í heiminum. Milljónir kvenna og barna hafa verið neydd til að stunda kynlífsþjónustu. Í Evrópu hafa konur í austur hluta álfunnar einkum átt undir högg að sækja vegna fátæktar, atvinnuleysis og þess hruns sem varð í kjölfar mikilla þjóðfélagsbreytinga fyrir rúmum áratug. Klámiðnaðurinn er nátengdur eiturlyfjum, glæpastarfsemi og margföldum mannréttindabrotum. Honum fylgja mannhvörf, sjálfsvíg, kynsjúkdómar, sálrænir erfiðleikar og félagsleg útskúfun sem erfitt reynist að vinna bug á. Klámiðnaðurinn er, ásamt eiturlyfja- og vopnasölu, talin ábatasamasta g alþjóðlega skipulagða glæpastarfsemin.. Á ráðstefnu Evrópusambandsins sl. vetur "Stop trafficking" kom fram að klámiðnaðurinn er nú sú alþjóðlega skipulagða glæpastarfsemi sem skilar mestum arði og minnsti áhættu vegna þess að þjóðir heimsins hafa ekki enn brugðist við af festu.

Árlega eru um 500.000 konur seldar mansali til vestur Evrópu. Það er skylda okkar að grípa til þeirra ráða sem tiltæk eru til að útrýma þessum vanda. Ein leið sem okkur er fær er að gera kaup á vændi refsivert. Það þurfa að vera til skýr lög sem segja að verslun með fólk verði ekki liðin.

Þann 6. september síðastliðinn hélt Margareta Winberg, aðstoðarforsætisráðherra Svíþjóðar erindi um sænsku leiðina svokölluðu en stjórnvöld í Svíþjóð hafa fyrst allra orðið til þess að gera kaup á vændi refsiverð. Stjórnvöld annarra landa eru að íhuga að fara sömu leið, t.d. í Finnlandi og Rússlandi. Hér á eftir er þýðing á hluta ræðu Margaretu Winberg:

“Þegar vændiskona og kaupandi hittast til að stunda kynlíf skiptir vald miklu máli.. Okkar skoðun er sú að þetta séu ekki samskipti milli tveggja einstaklinga sem hafa fúsan og frjálsan vilja og njóta jafnræðis. Eins og við sjáum þetta eru kaupandinn og vændiskonan ekki að hittast á jafnréttisgrundvelli. Hvorki í efnahagslegum né í

félagslegum skilningi. Í Svíþjóð göngum við skrefi lengra. Okkar skoðun er sú að vændi sé aldrei stundað af fúsum og frjálsum vilja – vændi snýst í raun um það að sterkari aðili misnotar bága stöðu veikari aðilans. Og eins og við sjáum þetta þá þurfa karlar ekki að kaupa kynlífsþjónustu af vændiskonum. Karlar hafa val.

Karlar eiga peninga og þeir geta valið að kaupa ekki kynlífsþjónustu á meðan vændiskonur eru í það veikri stöðu að þær geta ekki valið að selja ekki líkama sinn. Í Svíþjóð tókum við þá staðreynd alvarlega að karlar velja að kaupa kynlífsþjónustu af vændiskonum. Lögin sem banna kaup á kynlífsþjónustu eru meðal þeirra laga sem sett voru í kjölfar reglugerðar frá 1998 um stórkostleg brot á friðhelgi kvenna.

Aftur og aftur hömrum við á því að vændi myndi ekki vera til ef karlar keyptu ekki kynlífsþjónustu – og með þessu erum við að benda á mikilvægt atriði. Okkar skoðun er að eftirspurnin skapi markaðinn en ekki öfugt. Ef engin væri eftirspurnin þá væri markaðurinn ekki til staðar. Vændi hefur alltaf snúist um vændiskonumar – í Svíþjóð höfum við valið að beina kastljósinu að kaupandanum, karlinum. Hver er hann? Og af hverju kaupir hann kynlífsþjónustu? Við erum einnig þeirrar skoðunar að fólk eigi aldrei að vera viðfang eða fórnarlamb þessarar tegundar ofbeldis.”

***Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á 206. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum
(130. löggjafarþing 2003 – 2004, þskj. 38 – 38. mál).***

I.

Með bréfi, dags. 10. mars 2004, sendi allsherjarnefnd Alþingis mér ofangreint frumvarp til umsagnar og vil ég byrja á því að þakka fyrir það traust sem mér er sýnt. Tilefnið er trúlega grein sem ég ritaði í Morgunblaðið 22. nóvember 2003, er bar heitið “Stundan vændis – Kaup á vændi”. Í henni koma í meginatriðum fram skoðanir mínar á efni frumvarpsins og þeim lögfræðilegu álitaeftum sem því tengjast.

II.

Varðandi þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar verði á 206. gr. almennra hegningarlaga, verði það að lögum, leyfi ég mér að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Stundan vændis

Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir því að refsíabyrgð vegna stundan vændis verði afnumin. Þróunin undanfarin ár í nágrennaríkjum okkar hefur verið sú að afnema refsíákvæði er lúta að sölu á vændisþjónustu. Ísland er eina ríkið á Norðurlöndum þar sem stundan vændis í framfærsluskyni er refsiverð. Afnáam refsinga við vændi hefur verið stutt þeim rökum að vændi væri fyrst og fremst félagslegt vandamál sem ætti að fyrirbyggja með félagslegum úrræðum til handa þeim sem það stunda. Viðbrögð við vændi ættu að vera ráðstafanir til þess að hjálpa þessum ógæfusömu einstaklingum, ekki refsingar. Íslenska ákvæðið er því augljóslega úr takti við réttarþróun annars staðar á Norðurlöndum.

Engan hæstaréttardóm er að finna þar sem sakarefnið er stundan vændis. Mér er einungis kunnugt um einn héraðsdóm sem fjallar um þetta og var hann kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness 31. október 2003. Það er því óhætt að segja að hér sé á ferðinni það sem Danir nefna “sovende paragraf”. Með því að afnema slíkt ákvæði er ekki verið að lögleiða vændi (legalisering), heldur er eingöngu um það að ræða að vændi sem slíkt verði ekki lengur refsivert (afkriminalisering). Með afnámi 1. mgr. 206. gr. væri því komið á móts við breytt viðhorf gagnvart þeim sem stunda vændi, þeim þurfi að hjálpa, ekki refsa.

Kaup á vændisþjónustu fullorðinna

Í öðru lagi er að finna það nýmæli í frumvarpinu að þeir, sem verða uppvísir að því að kaupa kynlífsþjónustu af fullorðnum einstaklingi, sæti refsíábyrgð. Við slíku broti er lögð fangelsisrefsing, sem varað getur allt frá 30 dögum til tveggja ára.

Almennt eru kaup á vændisþjónustu refsilaus á Norðurlöndum, að Svíþjóð frátalinni. Aftur á móti er að finna í hegningarlögum allra Norðurlandanna ákvæði sem leggja refsingu við því að greiða *börnum og ungmennum*, sem eru ósjálfráða fyrir æsku sakir, fyrir kynferðismök. Ísland var síðast Norðurlandanna til þess að innleiða þess konar ákvæði, en það var loks gert árið 2002, eftir að vakin hafði verið athygli á því í skýrslu, sem Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra lét vinna um þetta efni (126. löggjafarþing, þskj. 625, 51. mál), að Ísland væri eina ríkið á Norðuröndum sem ekki hefði slíkt ákvæði í sinni refsilöggjöf. Ákvæðið er nú að finna í 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, en sú grein fjallar sérstaklega um kynferðisbrot gegn börnum. Markmið ákvæðis af þessu tagi er fyrst og fremst að vernda börn og ungmenni fyrir kynferðislegri misnotkun. Litið er svo á að samþykki þeirra til kynferðismaka gegn greiðslu sé marklaust í ljósi ungs aldurs þeirra og reynsluleysis og leysir kaupandann þar af leiðandi ekki undan refsíábyrgð.

III.

Með lögum nr. 498/1998, lag om förbud mot köp av sexuella tjanster, er lögð refsing við kaupum á vandi í Svíþjóð. Lögin eru aðeins ein grein og hljóðar hún svo:

Den som mot ersättning skaffar sig en tillfällig sexuell förbindelse, döms – om inte gärningen är belagd med straff enligt brottsbalken – för köp av sexuella tjanster till böter eller fängelse i högst sex månader.

För försök döms till ansvar enligt 23. kap. brottsbalken.

Mikilvægt er að íhuga rækilega hvort ástæða þykir til þess að setja slíkt nýmæli í íslenska refsilöggjöf og þarf að líta til margra þátta í því sambandi eins og til eðlis verknaðar og uppljóstrunarmöguleika.

Eðli háttseminnar. Fyrsta spurningin hlýtur að snúa að því hvort við teljum að skilgreina beri hegðun af þessu tagi sem afbrot. Við höfum nú þegar sérstakt ákvæði sem leggur refsingu við því að greiða börnum yngri en 18 ára fyrir kynferðismök og eins höfum við ýmis ákvæði í hegningarlögunum, sem leggja refsingu við ofbeldi, nauðung og misneytingu af ýmsu tagi.

Lögreglurannsóknir. Þá hlýtur það einnig að vera áleitin spurning hvort eftirlit með brotum af þessu tagi sé framkvæmanlegt. Lögfesting ákvæðis af þessum toga hefur óhjákvæmilega í för með sér að lögreglan þarf að hafa gætur á þessari tegund afbrota, upplýsa þau og rannsaka. Þetta kostar skipulag, mannafla og fé. Í því umhverfi sem við búum við í dag, er alveg ljóst að lögreglan á fullt í fangi með að sinna þeim málum sem brýn teljast. Það hlýtur að vera markmið með refsilagaákvæðum að þeim sé fylgt eftir og sú alvara búi að baki að brot af því tagi sem innleidd eru í almenn hegningarlög séu sérstaklega ámælisverð og þar af leiðandi líkur á því að sérstaklega verði unnið í að komast fyrir þau. Hverjir verða kærendur? Hér er ekki “brotþola” fyrir að fara í hefðbundinni merkingu þess orðs. Hver mun bera vitni? Sá sem selur vændisþjónustuna þarf á “viðskiptavinunum” að halda. Fyrirsjáanlegt er að rannsóknir þessara brota verði torveldar og sönnunarstaðan oft á tíðum veik.

IV.

Verði niðurstaðan sú að leidd verði í löggjöf refsing við því að kaupa vændisþjónustu af fullorðnum einstaklingi að sænskri fyrirmynd, bendi ég á eftirfarandi atriði:

- a) Frumvarpið gerir ráð fyrir því að kveðið sé á um þetta bann í almennum hegningarlögum á meðan Svíar settu um þetta sérlög, en hér á landi hefur verið fylgt þeirri reglu að skipa alvarlegri brotum í almenn hegningarlög.
- b) Frumvarpið gerir *aðeins* ráð fyrir fangelsisrefsingu en samkvæmt sænsku lögnum liggja *sektir* eða fangelsi við þessum brotum.
- c) Fangelsisrefsing samkvæmt frumvarpinu getur orðið allt að 2 ár meðan hámarksrefsing samkvæmt sænsku lögnum er fangelsi í 6 mánuði.
- d) Orðin “kynlífsþjónusta af nokkru tagi” er hvorki skilgreind í frumvarpstexta né í greinargerð. Þetta orðalag er mjög víðtækt og fellur illa að kröfunni um skýrleika refsheimilda.

Lokarorð

Löggjöf sem miðar að því að gera þeim sem stunda vændi erfitt fyrir, hvort sem það er með því að refsa seljendum þjónustunnar eða kaupendum, hefur það fyrst og fremst að markmiði að fæla fólk frá því að leggja út á þessa braut í þeirri von að það finni leið til að sjá fyrir sér á mannsæmandi hátt. Á meðan refsingum er beitt, hvort sem það er gagnvart kaupendum eða seljendum, mun sá hópur fólks sem selur líkama sinn fara huldu höfði. Erfiðleikum verður bundið að átta sig á fjölda þeirra, félagslegri stöðu og þeim vandamálum sem þessi hópur glímir við. Því má spyrja hvort ekki sé vænlegra að aflétta refsingum og freista þess að fá upp á yfirborðið hve umfangsmikið vandamál vændi er hér á landi og reyna í skjóli fámennis okkar og velferðarkerfis að hjálpa þeim sem leiðst hafa út í það til þess að koma undir sig fótunum á uppbyggilegan hátt. Að gera kaupendur kynlífsþjónustu “af nokkru tagi” refsíabyrga á þeim forsendum að þeir séu að beita þann sem þeir kaupa þjónustuna af “grófri valdbeitingu, kynferðislegu ofbeldi”, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu, er stór ákvörðun. Þetta eru alvarlegar sakir og

Svala Ólafsdóttir

kaupendurnir án nokkurrar sundurgreiningar gerðir að kynferðisglæpamönnum sem best séu geymdir á bak við lás og slá. Sjálfsagt er að berjast áfram af fullum þunga gegn vændismiðlurum sem hafa örvæntingu og örbirgð annarra að féþúfu. Sama gildir um bann við kaupum á kynlífsþjónustu barna. Ástæðulaust er að sýna nokkurt umburðarlyndi gagnvart brotum sem beinast að börnum.

Reykjavík, 16. apríl 2004

Svala Ólafsdóttir.